

REYKJAVÍKURBORG
26. ÁGÚST 2014

Áhrif leikskólalokunar á atvinnuþátttöku

Rannsókn og greining með aðferðafræði
kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Jafnrétti	2
Atvinnuleysi	3
Fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg.....	5
Atvinnuþátttaka kvenna.....	6
Leikskólar.....	8
Gæsluleikvöllir.....	11
Aðferð	12
Úrtakið.....	12
Spurningalistinn	13
Niðurstöður	14
Lýsandi tölfræði.....	14
Kyngreindar niðurstöður	20
Námsmenn.....	26
Einstæðir foreldrar.....	32
Fjárhagsaðstoðarhópur	36
Áhrif menntunar	39
Eigindleg svör	50
Umræða	64
Tillögur rannsakenda að aðgerðum.....	65
Heimildir	67
Viðauki	69

Skýrsla þessi er hluti af kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun Reykjavíkurborgar og fjallar um áhrif leikskólalokana á atvinnuþátttöku foreldra. Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var með netkönnun sumarið 2014. Hugmyndin að rannsókninni kom í kjölfar skýrslu sem unnin var af teymi innan skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um einstaklinga sem leita fjárahagsaðstoðar að sumri til. Tilgátur rannsakenda voru að leikskólalokanir hafi frekar áhrif á konur, einstæða foreldra og námsmenn en aðra. Niðurstöður spurningakönnunarinnar styðja þær tilgátur. Einnig kom í ljós að foreldrar lenda í mismiklum erfiðleikum, vegna sumarlokana, eftir menntun og eru foreldrar með minni en háskólamenntun líklegri en aðrir foreldrar til að lenda í erfiðleikum. Foreldrum sem tóku þátt í spurningakönnuninni gafst kostur á að skrifa athugasemd um leikskólalokanir, og greint er frá nokkrum þeirra í skýrslunni. Flestir sem skrifuðu athugasemd voru mótfallnir leikskólalokunum eins og þær eru í dag. Út frá niðurstöðum þessara rannsóknar eru tillögur rannsakenda að aðgerðum eftirfarandi: að stytta lokunartímabilið í tvær vikur, bæta við daggæsluúrræðum yfir sumartímann, hafa leikskólana opna yfir allt sumarið með ákveðnum skilyrðum eða halda fyrirkomulaginu óbreyttu.

Inngangur

Í desember 2013 var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að skoða atvinnuáttak með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Í ljós kom að árstíðasveiflur eru í atvinnuleysi og að slíkar sveiflur eru meira áberandi hjá körlum en konum. Til að jafna árstíðasveiflur til lengri tíma var talið nauðsynlegt að greina orsakir þeirra, en þar er tvennt sem snýr sérstaklega að Reykjavíkurborg: leikskólaþjónusta og starfsumhverfi Skóla- og frístundasviðs (SFS). Talið var mikilvægt að skoða sumarlokanir leikskóla í Reykjavík þar sem lokanir gætu haft áhrif á möguleika námsmanna og atvinnuleitenda til að stunda vinnu að sumri. Á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fær atvinnumáladeild til sín hóp foreldra á hverju ári sem ekki geta stundað vinnu á sumrin. Foreldrarnir leita fjárhagsaðstoðar vegna þess að þau hafa ekki daggæsluúrræði fyrir börn sín yfir þann tíma sem leikskólar loka. Flestir foreldranna eru námsmenn milli anna eða í tímabundnu starfi yfir vetrartímann.

Þessi rannsókn er byggð á niðurstöðum úr áður nefndu verkefni. Í verkefninu kom fram að hlutfallslega fleiri konur sækja um fjárhagsaðstoð á sumrin auk þess að vera líklegri til að hafna starfi í samanburði við karla. Þessi þróun er ekki til staðar yfir vetrartímann. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif leikskólalokana á atvinnuþátttöku foreldra með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Til að kanna það var spurningalisti sendur til foreldra leikskólabarna í Reykjavík. Tilgátur rannsóknarinnar eru eftirfarandi: að leikskólalokanir hafi frekar áhrif á konur, námsmenn og einstæða foreldra samanborið við aðra foreldra.

Eigandur verkefnisins eru Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari, og Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Teymisstjóri var Harpa Hrunð Berndsen en í teyminu voru Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir og Kristín Arnórsdóttir.

Jafnrétti

Í núgildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 frá 6. mars 2008 segir að markmið laganna sé að jafna stöðu og karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins með því að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla. Þar segir enn fremur að „allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta

eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Markmiði þessu skal náð m.a. með því að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf“.


Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, sem var samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006 og endurskoðuð 7. maí 2013, byggir á ofantöldum lögum. Þar kemur fram að:

Reykjavíkurborg vill nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf... Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma eða vinnuskipulags þar sem því verður við komið og hentað getur hvort sem heldur er konum eða körlum og starfseminni. Sérstök áhersla er lögð á að vinna gegn stöðluðum ímyndum um hlutverkaskiptingu kynjanna hvað snertir fjölskylduábyrgð og karlar eru hvattir til að nýta sér sveigjanleika, hlutastörf eða aðrar leiðir til að þeir geti tekið fulla ábyrgð á fjölskyldu sinni (Reykjavíkurborg, 2013b).

Í ljósi þess að konur og karlar eiga að hafa jöfn tækifæri til atvinnuþátttöku verða áhrif leikskólalokana á atvinnuþátttöku kynjanna til greiningar.


Atvinnuleysi

Þegar heildaratvinnuleysi í Reykjavík, frá 30. september 2008 til 31. maí 2014, er skoðað má sjá að verulega hefur dregið úr atvinnuleysi (sjá mynd 1). Atvinnuleysi var mest í lok júní 2009 þegar 7.202 einstaklingar voru skráðir atvinnulausir en minnst í júní 2014 þegar fjöldi atvinnulausra var kominn niður í 2.660 einstaklinga (Vinnumálastofnun, 2014a). Mikill munur hefur verið á atvinnuleysi karla og kvenna síðastliðin ár en töluvert hefur dregið úr þeim mun og er atvinnuleysi álíka mikið meðal karla og kvenna í dag. Mestur var munurinn í lok mars 2009 þegar 4.667 karlar og 2.371 kona voru án vinnu. Minnstur var munurinn í lok nóvember 2013 þegar 1.531 karl og 1.540 konur voru án vinnu. Nýjustu tölur, frá lok júní 2014, benda til þess að 2.660 einstaklingar séu atvinnulausir í Reykjavík eða 3,7% af mannafla. Þar af eru 1.233 karlar og 1.427 konur og atvinnuleysi er því örlítið meira meðal kvenna heldur en karla (Vinnumálastofnun, 2014b).



Mynd 1. Fjöldi atvinnulausra í Reykjavík bæði í heild og skipt eftir kyni.


Út frá tölum Hagstofunnar, sem eru byggðar á vinnumarkaðsrannsókn þeirra, má sjá að árstíðasveiflur atvinnuleysis eru töluverðar, bæði meðal karla og kvenna (Hagstofa Íslands, 2014d). Atvinnuleysi karla er mest á fyrsta ársfjórðungi en minnst á öðrum ársfjórðungi á meðan atvinnuleysi kvenna er mest á öðrum ársfjórðungi (sjá mynd 2). Þegar árstíðasveiflur í atvinnuleysi meðal fólks á aldrinum 16 til 25 ára er skoðaðar má sjá að atvinnuleysi er mest í maí mánuði ár hvert.



Mynd 2. Atvinnuleysi meðal karla og kvenna samkvæmt Hagstofunni.

Fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg

Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg kemur fram að „skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar“ (Reykjavíkurborg, 2014). Fjöldi einstaklinga sem eru notendur fjárhagsaðstoðar hefur vaxið síðastliðin ár (sjá mynd 3; Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, 2012). Árið 2014 sóttu 100 námsmenn milli anna um fjárhagsaðstoð yfir sumartímann.



Mynd 3. Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar.

Sumarið 2013 var farið í sumarátak til að draga úr fjárhagsaðstoð til námsmanna. Átakið var samstarfsverkefni atvinnumáladeildar, Velferðarsviðs og Hins hússins. Markmið átaksins var að bjóða námsmönnum, sem sóttu um fjárhagsaðstoð, sumarstarf hjá Reykjavíkurborg. Í lok árs 2013 var sumarátakið skoðað með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Athyglisvert þótti að 61% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð að sumri voru konur auk þess að 60% af þeim sem höfnuðu starfi voru konur. Þetta er ekki í samræmi við önnur átaksverkefni, til að mynda voru konur um 38% þeirra sem uppfylltu skilyrði fyrir verkefnið *Vinnandi vegur*. *Vinnandi vegur* samanstóð af einstaklingum sem höfðu verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur en flestir höfðu verið án vinnu í 30 mánuði. Í átaksverkefninu *Vinnandi vegur* kom í ljós að konur voru almennt ólíklegri til að hafna starfi. Af þeim sem höfnuðu starfi voru um 73% karlar og 27% konur. Til að skoða nánar námsmenn sem sækja um fjárhagsaðstoð á sumrin var ákveðið að leggja spurningalista þessarar rannsóknar fyrir þá sem sátu námskeiðið Starfsleit sem haldið var í júní 2014. Niðurstöður má sjá á bls 35.

Atvinnuþátttaka kvenna

Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist gífurlega á síðustu áratugum. Ástæður aukinnar atvinnuþátttöku geta verið margvíslegar en aukið aðgegni að daggæslu barna er án efa lykilþáttur í þróuninni. Gott aðgengi að daggæslu barna gerir konum kleift að stunda atvinnu utan heimilis þar sem slík þjónusta léttir á vinnu kvenna heima fyrir.

Tvöfalt vinnuhlutverk

Algengt er að tala um að konur sem stunda bæði vinnu á hinum almenna vinnumarkaði og reka heimili gegni svokölluðu „tvöföldu vinnuhlutverki“ eða „dual role“ á ensku. Hugtakið nær yfir þær konur sem eru í fullu starfi utan heimilis en axla einnig ábyrgð og hafa skyldur gagnvart heimilinu sem nema fullu starfi. Þannig eru þær í tvöföldu starfi þar sem annað launað og hitt ólaunað (Adams og Winston 1980, bls 24).


Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að konur kjósa sér oftast en karlar hlutastörf á vinnumarkaðinum eða hafa snúið sér alfarið að störfum sem tengjast heimilinu (U.S. Department of Labor 1977, bls 38), sérstaklega á barneignaraldri þegar álagið er sem mest. Þá verður aðalstarf konunnar ólaunað starf og í kjölfarið missir hún það fjárhagslega sjálfstæði sem fylgir því að gegna fullu launuðu starfi. Einstæðar mæður sem ekki hafa sterkt bakland, upplifa ef til vill mesta álagið, þar sem þær þurfa bæði að vera fyrirvinna heimilisins og sjá um öll störf sem tengjast heimilinu (The World Bank 1993, bls 69). Samkvæmt skýrslu sem The World Bank gaf út á tíunda áratugnum hefur þessi staða bein áhrif á hagvöxt landa þar sem hluti af vinnuafla þjóðarinnar nýtist ekki til fulls (ibid, bls 7).

Hinsvegar hefur þróunin hérlandis, sem og í flestum iðnvæddum löndum, verið sú að þátttaka kvenna á hinum almenna vinnumarkaði hefur aukist og ábyrgð og skyldur gagnvart heimilinu hafa minnkað. Þróunina hérlandis má að stórum hluta rekja til aukins framboðs á ódýrri daggæslu barna á hefðbundnum vinnutíma og aukinni skiptingu heimilisstarfa milli maka.

Dagvistunarúrræði fyrir börn á Íslandi eru því mikilvægur grundvöllur fyrir atvinnuþátttöku foreldra og á margan hátt hefur aðgangur að slíkri þjónustu verið mjög

góður hérlandis miðað við mörg önnur lönd, sérstaklega þar sem þjónustan er að mestu leyti niðurgreidd af yfirvöldum. Atvinnuþátttaka bæði kvenna og karla hérlandis er sú hæsta af OECD-löndunum og vegur atvinnuþátttaka kvenna nokkuð þungt þar. Óhætt er að fullyrða að þjónustan sé hvað mikilvægust fyrir einstæða foreldra sem hafa ekki tök á að deila vinnuálagi og skyldum heimilisins með maka líkt og þeir sem eru í sambúð. Einstæðir foreldrar axla að auki einir þá ábyrgð að afla fjár fyrir heimilið.

Hagstofa Íslands hóf mælingar á atvinnuþátttöku kvenna árið 1991. Hér fyrir neðan má sjá línurit yfir atvinnuþátttöku kvenna á aldrinum 25-54 ára í Reykjavík og hlutfall barna 2-5 ára (af heildarfjölda barna á sama ári) sem sækja leikskóla í einhverjum mæli og eru búsett í Reykjavík.




Mynd 4. Börn í leikskóla og þróun atvinnuþátttöku kvenna (Hagstofan, 2014a og 2014b).

Tölur um atvinnuþátttöku hafa haldist nokkuð svipaðar seinustu 15 árin en hlutfall barna í leikskóla hefur hækkað um nær 10% á sama tíma.

Það gefur betri mynd af þróun hlutverks daggæsluúrræða að skoða tölurnar til lengri tíma. Hér fyrir neðan má sjá þróun fjölda barna sem voru skráð í eitthvert af þremur eftirtöldum dagvistunarúrræðum í Reykjavík frá árinu 1924 til 1990. Tölur fyrir leikskóla miðast við börn tveggja ára og eldri, tölur fyrir dagheimili miðast við börn frá fyrsta aldursári og skóladagheimili miðast við börn frá sex til tíu ára. Tölurnar eru frá Hagstofu Íslands.

Ekki fengust tölur yfir heildarfjölda barna yfir sama tímabil en samkvæmt Hagstofu Íslands voru börn á aldrinum 2-5 ára í Reykjavík 6.192 talsins árið 1990, til samanburðar voru 2.565 börn í leikskólum árið 1990 og 1.744 á dagheimilum (þá teljast börn yngri en tveggja ára einnig með). Sjá mynd 5.



Mynd 5. Þróun daggæsluúrræða á Íslandi frá 1924-1990 (Hagstofan, 2014d).

Leikskólar

Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla kemur fram að „leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi“.

Reykjavíkurborg starfrækir 64 leikskóla en sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru alls 17 og fá þeir fjárframlög frá Reykjavíkurborg.

Sumarlokanir leikskóla hafa verið mismunandi eftir skólum og á milli ára, en í ár loka allir leikskólar Reykjavíkurborgar nema einn, Hagaborg. Flestum verður lokað samfelld í fjórar vikur en þó eru fimm leikskólar sem loka aðeins í þrjár vikur og einn leikskóli sem lokar í tvær og hálfa viku. Flestir leikskólanna eru lokaðir á tímabilinu 9. júlí til 6. ágúst. Leikskólalokanir hafa verið töluvert til umræðu síðastliðin ár en slíkar lokanir eru ekki nýtilkomnar hjá Reykjavíkurborg. Til að mynda lokuðu 56 af 72 leikskólum í tvær til fjórar vikur árið 2000. Sumarlokanir hafa tekið ýmsum breytingum síðastliðin ár aðallega hvað varðar lengd lokana. Fram kemur í fundargerð leikskólaráðs nr. 7 frá 6. desember 2006 að:

Lagt er til að hver leikskóli loki í tvær vikur á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2007. Lokunartími verður ákveðinn að undangenginni skoðanakönnun meðal foreldra í hverjum leikskóla. Í hverju hverfi verður einn leikskóli opinn allt sumarið sem úrræði fyrir þá foreldra sem ekki geta tekið sumarleyfi þegar leikskóli barna þeirra lokar. Sú meginregla gildir að barn skal taka fjögurra vikna samfellt sumarleyfi í tengslum við sumarlokun leikskólans en leikskólastjórar sýni sveigjanleika eftir því sem tæk eru á (Leikskólaráð Reykjavíkurborgar, 2006).

Fram kemur í fundargerð leikskólaráðs nr. 50 frá 28. janúar 2009:

Lagt er til að stjórnandi hvers leikskóla ákveði hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki í tvær til fjórar vikur samfellt á tímabilinu 22. júní til 21. ágúst 2009. Sumarlokun leikskólans verði ákveðin að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla. Lagt er til að í hverjum borgarhluta verði a.m.k. einn leikskóli opinn allt sumarið sem úrræði fyrir þá foreldra sem ekki geta tekið sumarleyfi þegar leikskóli barna þeirra lokar. Sú meginregla gildir að barn skal taka fjögurra vikna sumarleyfi í tengslum við sumarlokun leikskólans en leikskólastjórar sýni sveigjanleika eftir því sem tæk eru á (Leikskólaráð Reykjavíkurborgar, 2009).

Sú þróun hefur átt sér stað að sumarlokanir hafa lengst úr tveimur vikum í tvær til fjórar vikur. Sumarlokanir leikskóla hafa verið með svipuðum hætti síðastliðin ár en sú breyting hefur átt sér stað að ekki er lengur einn leikskóli í hverjum borgarhluta opinn allt sumarið. Þeim leikskólum sem opnir eru allt árið hefur fækkað töluvert, frá því að hafa einn leikskóla opinn í hverju hverfi yfir í að hafa einn leikskóla opinn í hverjum borgarhluta. Í ár er til að mynda aðeins einn leikskóli Reykjavíkurborgar opinn allt sumarið. Með þessu fyrirkomulagi skerðist þjónusta við foreldra sem ekki geta tekið sumarleyfi á sama tíma og leikskólar eru lokaðir.

Reykjavíkurborg lét kanna afstöðu foreldra til sumarlokana árið 2004. Niðurstöður leiddu í ljós að meirihluti foreldra var mjög (35,7%) eða frekar (22,4%) andvígur sumarlokunum en á sama tíma töldu 43,3% þeirra að lokanirnar myndu valda mjög litlum óþægindum og 23,9% frekar litlum óþægindum (Gallup, 2004). Hafa ber þó í huga að árið 2004 voru enn ellefu gæsluvellir starfræktir í Reykjavík.

Rök með og á móti lokunum

Foreldrar, stéttarfélög og aðilar úr Samtökum atvinnulífsins hafa bent á ókosti sumarlokana leikskóla. Þar ber helst að nefna áhrifin á getu fólks til að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf þar sem erfitt getur verið fyrir foreldra að taka ávallt sumarfrí á sama tíma og leikskólar loka (Ása Baldursdóttir, 2008). Bent hefur verið á að þrýstingur geti myndast á vinnustöðum þegar fjöldi starfsmanna þarf sumarfrí á sama tíma, þar sem flestir leikskólar loka á svipuðum tíma (SA, 2005). Í einhverjum tilfellum geta leikskólalokanir skert frítíma fjölskyldna þar sem foreldrar ná ekki að taka sumarfrí á sama tíma og þurfa því að skiptast á að vera með barni/börnum sínum í sumarfríinu. Einnig hefur verið bent á að foreldrar, sem ekki geta tekið sumarleyfi á sama tíma og leikskólar loka, geta þurft að taka sér launalaust frí. Í ályktun frá stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur frá 6. desember 2002 kemur fram „að með sumarlokunum leikskóla skapast hættu á minni atvinnuþátttöku kvenna og auknu launamisrétti kynjanna. Það er þekkt staðreynd að óvissa um dagvistun barna stuðlar að því að konur dragi úr þátttöku á vinnumarkaði og sæki í hlutastörf. Rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði sýna einnig að launakjör eru því verri sem starfshlutfall er lægra“ (VR, 2002).

Á Skóla- og frístundasvið hafa nokkrar skýringar verið gefnar á sumarlokunum og meðal annars bent á þann sparnað sem hlýst af slíkum aðgerðum. Bent hefur verið á að leikskólar séu ekki eingöngu gæsla fyrir börn heldur einnig skóli og með sumarlokunum sé hægt að skapa skil á milli anna (Sigtryggur Sigtryggsson, 2009). Auk þess er bent á að börn eigi rétt á samfelldu frí í tuttugu virka daga en sá réttur er tekinn fram í leikskólareglum Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2013). Sú breyting hefur þó átt sér stað að leikskólastjórar eru nú látnir taka ákvörðun um það hvort leikskólinn sé opinn allt árið eða loki í 10 til 20 daga samfelldu. Ákvörðun um sumarlokun er oftast tekin í samráði við foreldra og starfsfólk, kannanir eru þá gjarnan sendar út til að meta hvaða tími henti best.

Gæsluleikvöllir

Tilkoma gæsluleikvalla má rekja til kvennaframboðsins árið 1908 en fyrsti leikvöllurinn var opnaður fyrir tilstuðlan kvenfélaganna sem stóðu að framboðinu (Bergur Felixson, 2007). Gæsluleikvöllir voru ætlaðir börnum á aldrinum tveggja til sex ára og voru opnir frá níu til tólf og frá eitt til hálf-fimm. Gæsluvöllir gegndu mikilvægu hlutverki á árum áður en heimsóknum fór fækkandi eftir því sem dagvistarrýmum fjölgaði (Bergur Felixson, 2007). Árið 1982 voru gæsluvöllir alls 33, árið 1992 voru þeir alls 29, árið 2000 voru þeir 23 og árið 2004 voru alls 11 gæsluleikvöllir starfræktir í Reykjavík (ibid). Árið 2005 samþykkti leikskólaráð að fækka gæsluvöllum og færa umsjón þeirra yfir á Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar (ÍTR). Lagt var til að einn gæsluvöllur yrði opinn í hverju hverfi og var þeim í kjölfarið fækkað niður í fimm: Arnarbakki, Hamravík, Malarás, Njálsgata og Rauðilækur (Bergur Felixson, 2007). Aðsókn á gæsluvöllum var ávallt mest á sumrin, þegar veður var gott og þegar leikskólar lokuðu, en gjarnan voru flestar heimsóknir í júlí. Í tilkynningu, sem Reykjavíkurborg sendi frá sér þann 4. júní 2009, kemur fram að öllum gæsluvöllum sem áður voru í umsjá borgarinnar hafi verið lokað (Reykjavíkurborg, 2009).

Aðferð

Úrtakið

Í byrjun rannsóknarinnar var ákveðið að leggja rafræna spurningakönnun fyrir þátttakendur. Tekin var ákvörðun um að stærð úrtaksins yrði 800 einstaklingar eftir ráðfæringar við Hildi Björk Svavarsdóttur, en stærð þýðis náði yfir 10.000 einstaklinga. Á upprunalegum lista með netföngum foreldra voru um 13.000 einstaklinga og voru netföngin meðal annars flokkuð eftir börnum, leikskólum og því hvort einstaklingarnir fengu afslátt sem einstæðir foreldrar eða afslátt vegna þess að báðir foreldrar voru í námi. Loks voru þeir foreldrar sem ekki fengu afslátt eða afslátt vegna annarra ástæðna flokkaðir saman.

Sum netföng í þýðinu komu tvisvar til fjórum sinnum upp, þá annaðhvort vegna skráningarvillu (sem var nokkuð algengt meðal ákveðinna leikskóla í þýðinu), eða vegna þess að foreldrar áttu fleiri en eitt barn skráð í leikskóla. Til að koma í veg fyrir að þeir foreldrar væru kerfisbundið líklegri til að lenda í úrtakinu voru endurtekin netföng, ásamt öllum viðbótarupplýsingum sem þeim fylgdu, tekin út. Miðað var við að yngsta barnið sem tengdist netfanginu héldist inni. Í tilfellum tvíbura var litið á seinustu fjórar tölur í kennitölu sem eina heild og sá tvíburi sem hafði lægri heildartölu lenti í úrtaki. Var þetta gert til að samræmi héldist milli foreldra sömu barna, og til þess að geta komið í veg fyrir að könnunin færi tvisvar á sama heimili. Heildarþýðið endaði í tæplega 9.000 einstaklingum. Þess má geta að þeir foreldrar sem ekki höfðu skráð nein netföng og lentu í úrtakinu var skipt út fyrir aðra foreldra með netföng. Úrtakið var lagskipt slembiúrtak og voru einstaklingar í úrtakinu valdir með slembiaðferð Excel-forritsins.

Til að tryggja nægjanlega svörun meðal námsmanna og einstæðra foreldra var þýðinu skipt í lög eftir því hvort foreldrar fengu afslátt fyrir námsmenn eða einstæða foreldra, og loks voru þeir settir saman í hóp sem féllu ekki undir þær skilgreiningar.

Frekar lítill fjöldi foreldra var með tiltekinn námsmannaafslátt eða einungis 128 netföng, sem tengdust 65 börnum (báðir foreldrar þurfa að vera námsmenn til að fá námsmannaafslátt). Úrtakslagið var því 65 einstaklingar sem valdir voru með tilliti til jafnrar kynjadreifingar. Þar af leiðandi var rannsóknin send á heimili allra í þýði námsmannapara með börn á leikskóla.

Tekin voru slembiúrtök úr hinum tveimur flokkunum, með tilliti til hlutfalls þeirra af heildarfjölda þýðisins. Samkvæmt útreikningum voru einstæðir foreldrar rétt tæplega 16% af úrtakinu og því var fjöldi þess lags 126 einstaklingar. Vegna þess að námsmannahópurinn er lítillega ofmetinn (e. over-represented) varð hópurinn sem innihélt alla aðra þátttakendur þar af leiðandi örlítið vanmetinn (e. under-represented). Hópurinn fór úr því að vera rúmlega 82% af heildarþýðinu niður í 77% og lentu 616 einstaklingar í því úrtaki.

Upprunalegt úrtak var 808 manns, af þeim voru 11 neföng sem virkuðu ekki. Eitt þeirra netfanga reyndist vera tvö virk netföng en rannsakendur komu auga á það og löguðu. Lokaúrtakið sem könnunin var send til taldi þar af leiðandi 799 einstaklinga.

Spurningalistinn

Spurningalistinn var settur upp og sendur út með *QuestionPro*-forritinu í gegnum aðgang Skóla- og frístundasviðs. Miðað var við að ekki tæki lengur en 5 mínútur að meðaltali að svara spurningunum. Spurningalistinn var bæði á íslensku og ensku til að koma til móts við þá Íslendinga sem ekki hafa náð góðu valdi á íslensku.

Meirihluti svarenda könnunarinnar var konur. Flestir svarendanna voru með háskólamenntun, 37% þeirra höfðu lokið BA, BSc, Bed eða öðru sambærilegu námi og 25% höfðu lokið meistara- eða doktorsnámi. Í félagsvísindarannsóknum, sem reiða sig á svörun úrtaks, er algengt að konur eru líklegri til að svara en karlar og að þeir sem hafa meiri menntun eru líklegri til að svara en þeir sem hafa minni menntun. Auk þess sem fjárhagslega vel stæðir einstaklingar eru líklegri til að svara en þeir sem eru fjárhagslega illa stæðir (William G. Smith, 2008 bls 3). Fyrstu tveir 'svörunarhallarnir' koma glögglega fram í þessari rannsókn en þar sem ekki fengust upplýsingar um fjárhag þátttakendanna er ekki hægt að álykta um fjárhag þeirra.


Lesendur skýrslunnar eru beðnir um að hafa það í huga að hlutfall kvenna, vel menntaðra og mögulega fjárhagslega betur stæðra foreldra, er ofmetið í hópi svarenda úrtaksins og í niðurstöðum rannsóknarinnar, nema þar sem tekið er fram að hlutföll menntunar og kynja hafi verið leiðrétt með vigtun.

Niðurstöður

Lýsandi tölfræði

Hvernig skilgreinir þú kyn þitt?


Í úrtaki voru alls 799 foreldrar leikskólabarna í Reykjavík, af þeim tóku 450 þátt í rannsókninni, sem er um 56,3% svarhlutfall. Þar af voru 294 konur (76%), 121 karlar, 1 einstaklingur sem skilgreinir kyn sitt á annan eða óskilgreindan hátt en svör um kyn vantaði frá 34 einstaklingum.



Mynd 6. Kynjahlutfall þátttakenda.

Hvert er þjóðerni þitt?


Þjóðerni þátttakenda skiptist þannig að 94% voru íslenskir, 2% voru pólskir, 1% var frá Norðurlöndunum, 1% frá Litháen og 2% voru annar staðar frá. Svör um þjóðerni vantaði frá 30 einstaklingum.



Mynd 7. Þjóðerni þátttakenda.

Ég/við búum í:


Þegar þátttakendur eru skoðaðir eftir búsetu má sjá að flestir búa í Grafavogi (16%) þar næst Háaleiti og bústaðum (15%), Laugardal (13%), Vesturbæ (12%), Breiðholti (10%), Árbæ (9%), Grafarholti og Úlfarsárdal (8%), Hlíðunum (8%), Miðbæ (6%), utan Reykjavíkur (2%) og á Kjalarnesi (1%).



Mynd 8. Þátttakendum skipt eftir búsetu.

Hversu mörg börn á þínu heimili sækja leikskóla?


Fjöldi barna á leikskóla var skoðaður fyrir hvern þátttakenda. Í ljós kom að flestir eða um 76% þátttakenda eiga eitt barn sem sækir leikskóla, 22% eiga tvö börn og um 2% eiga þrjú börn sem sækja leikskóla.



Mynd 9. Fjöldi barna á leikskóla.

Lokar leikskóli barns þíns/barna þinna í einhvern tíma yfir sumarið?


Í 98% tilfella áttu þátttakendur börn á leikskólum sem lokuðu í einhvern tíma yfir sumarið en aðeins 2% sögðu leikskólann ekki loka. Þetta er í samræmi við upplýsingar um leikskólalokanir Reykjavíkurborgar þar sem allir leikskólar nema einn, Hagaborg, loka í sumar.



Mynd 10. Hlutfall leikskóla sem loka í sumar.

Hvað lokar leikskólinn (leikskólarnir) samtals í langan tíma í sumar?


Flestir, eða um 82%, sögðu leikskólann loka í fjórar vikur, um 9% sögðu leikskólann loka í fimm vikur, um 5% sögðu þrjár vikur, um 2% sögðu minna en þrjár vikur, um 1% sögðu sex vikur eða lengur en 1% sögðust ekki vita hversu lengi leikskólinn lokaði. Þessar niðurstöður eru í samræmi við sumarlokanir leikskóla Reykjavíkurborgar. Af þeim sem sögðu leikskólann loka í fimm til sex vikur eða lengur eiga um 34% tvö börn og getur því verið að einhverjir eigi börn sem ekki eru á sama leikskóla. Það myndi útskýra lengri lokunartíma.



Mynd 11. Fjöldi vikna sem leikskólar loka.

Ert þú í launuðu starfi?


Þátttakendur voru í 89% tilfella í launuðu starfi en 11% sögðust ekki vera í launuðu starfi.



Mynd 12. Hlutfall þátttakenda í launuðu starfi.

Fyrir þá sem eru í launuðu starfi, hvað af eftirfarandi lýsir best stöðu þinni?


Af þeim sem voru í launuðu starfi sögðust 81% vera í fullu starfi, 11% voru í hlutastarfi, 5% voru í sumarstarfi, 3% svöruðu annað en einungis einn þátttakandi var í tímabundnu fullu starfi yfir vetratímann.



Mynd 13. Starfsstaða meðal þátttakenda í launuðu starfi.

Fyrir þá sem ekki eru í launuðu starfi, hvað af eftirfarandi lýsir best stöðu þinni?


Af þeim sem ekki voru í launaðri vinnu voru flestir, eða um 42%, atvinnulausir í leit að vinnu, 18% voru heimavinnandi, 18% svöruðu annað, 13% voru í fæðingarorlofi, 7% voru langvarandi veikir eða öryrkjar og 2% voru í sumarnámi.



Mynd 14. Staða þátttakenda sem ekki eru í launuðu starfi.

Ert þú í námi?


Kannað var hvort þátttakendur væru í námi. Í ljós kom að 81% voru ekki í námi, 11% voru í fullu námi og 8% voru í hlutanámi.



Mynd 15. Hlutfall þátttakenda í námi.

Hver er þín hæsta prófgráða?


Um 37% þátttakenda höfðu lokið háskólagráðu (BA, BS, B.ed, B.Acc), um 25% höfðu lokið meistaraþrófi eða doktorsþrófi, um 13% höfðu lokið framhaldsskólanámi (sem varði skemur en 4 ár), 13% höfðu lokið stúdentsþrófi, um 8% höfðu lokið iðnþrófi eða tækniprófi og um 4% höfðu lokið grunnskólaprófi. Samkvæmt OECD er um 34% Íslendinga háskólamenntaðir (OECD, 2012) og má því sjá að hlutfall háskólamenntaðra er töluvert hærra í úrtakinu miðað við samfélagið í heild.



Mynd 16. Menntun þátttakenda.

Átt þú maka eða ert þú í föstu sambandi?

Flestir þátttakendur, eða um 87%, sögðust eiga maka eða vera í föstu sambandi, um 10% sögðust hvorki eiga maka né vera í föstu sambandi á meðan 3% sögðust eiga maka eða vera í sambandi en að þeir byggju ekki með viðkomandi.



Mynd 17. Hlutfall þátttakenda sem eiga maka eða er í sambandi.


Kyngreindar niðurstöður

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar eftir kyni þátttakenda má sjá að staða kynjanna er ólík þegar kemur að ábyrgð á umönnun barna. Hér fyrir neðan verður farið yfir það hvernig þátttakendur svöruðu eftirfarandi spurningum: Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á sumarlokun leikskóla standur, ef sumarleyfi frá vinnu nær ekki yfir sumarleyfi barns þíns, hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu, hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns og hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á leikskólalokun standur?

Þátttakendur voru beðnir um að meta það hver myndi aðallega sjá um daggæslu barna sinna á meðan leikskólar loka í sumar. Með því var verið að reyna að komast að því hvort einhverjir hópar væru líklegri til að bera einir ábyrgð á umönnun barna sinna á meðan þau væru í leikskólaleyfi. Að auki vildu rannsakendur finna út hvort þessi ábyrgð lenti frekar á öðru kyninu.

Algengasta svarið meðal bæði karla og kvenna var „ég og maki eða annað foreldri saman“ en fæstir sögðu að utanaðkomandi aðili myndi annast barnið á meðan leikskólinn væri lokaður. Líkt og sjá má á mynd 20 eru tengsl milli kyns þátttakenda og þess hver muni aðallega sjá um börnin, þar sem marktækur munur var á því hvernig konur og karlar svöruðu $\chi^2(3, N = 405) = 28,75, p = 0,01$. Konur sögðu í 35% tilfella að þær myndu annast börnin á meðan aðeins 11% karla sögðu að þeir myndu aðallega gera það. Um 14% karla sögðu að maki eða annað foreldri myndi annast barnið en 6% kvenna svöruðu á sömu leið. Karlar sögðu í 70% tilfella að báðir foreldrar myndu annast barnið/börnin saman en um 53% kvenna.




Mynd 20. Svör kvenna og karla við spurningunni: Hver mun aðallega sjá um daggæslu barna á meðan leikskólar loka?

Konur voru líklegri en karlar til að segja að umönnun myndi aðallega lenda á þeim. Karlar voru líklegri til að segja að umönnun myndi lenda á báðum foreldrum. Þessi ólíku svör karla og kvenna má líklega rekja til ólíkrar ábyrgðar á heimilisstörfum og umönnun barna. Sá tími sem hjón eða sambúðarfólk ver í heimilisstörf skiptist þannig að konan vinnur 70% á móti 30% framlagi karlsins. Konur sjá einnig aðallega um umönnun barna en rannsóknir benda til þess að giftar mæður verji að meðaltali 33 klukkustundum í umönnun barna en giftir feður um 19 klukkustundum (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson, 2010).

Ef sumarleyfi frá vinnu nær ekki yfir sumarleyfi barns þíns, hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu, þú eða maki þinn?

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hver á heimilinu væri líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu ef sumarleyfi þeirra myndi ekki ná yfir sumarlokun leikskóla barna þeirra. Þessa spurningu fengu einungis þeir sem sögðust vera í sambandi, þar af leiðandi hafa svör einstæðra foreldra engin áhrif á svörunina við spurningunni. Fyrir marga svarendur hefur spurningin ef til vill verið nokkuð huglæg og svarið í takti við það.


Konur sögðu í 43% tilfella að þær væru líklegri til að taka sér viðbótarfrí, um 11% sögðu að maki eða annað foreldri myndi gera það, um 35% sögðu báða foreldra vera jafn líklega á meðan 11% sögðu spurninguna ekki eiga við. Um 13% karla sögðu að þeir væru líklegri til að taka viðbótarfrí, um 27% sögðu maka eða annað foreldri líklegra, um 55% sögðu báða foreldra vera jafn líklega og um 6% sögðu spurninguna ekki eiga við. Tengsl eru á milli kyns þátttakenda og hvort foreldrið telji sig líklegra til að taka sér viðbótarfrí, þar sem marktækur munur var á því hvernig konur og karlar svöruðu spurningunni $\chi^2(3, N = 375) = 44,05, p = 0,01$.



Mynd 21. Svör kvenna og karla við spurningunni: Hvor er líklegri til að taka viðbótarfrí frá vinnu vegna sumarlokana leikskóla?

Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns/barna þinna?


Þátttakendur voru spurðir að því hversu auðveldlega eða erfiðlega þeim gekk að samræma tímasetningu sumarleyfis síns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barna þeirra. Með spurningunni var leitast eftir því að finna út hvort foreldrar ættu í erfiðleikum með að fá frí frá vinnunni á þeim tíma sem leikskólar loka til að annast börn sín. Svör þátttakenda við spurningunni má sjá á mynd 22. Niðurstöður benda til þess að karlar eigi örlítið erfiðara með að sameina sumarfrí sitt frá vinnu við sumarlokun leikskóla. Um 39% karla segja að það sé mjög eða frekar auðvelt á meðan 47% kvenna svara á sama hátt. Um 30% kvenna og 37% karla segja að það sé annaðhvort mjög eða frekar erfitt að samræma sumarfrí og sumarlokun leikskóla.



Mynd 22. Svör kvenna og karla við spurningunni: Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma sumarfrí og sumarlokun leikskóla?

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

Að lokum voru foreldrar spurðir út í það hversu auðvelt eða erfitt það væri fyrir fjölskyldumeðlimi að fara í frí á sama tíma. Þeirri spurningu var ætlað að gefa vísbendingar um það hvort foreldrar ættu í erfiðleikum með að vera báðir í frí á sama tíma ásamt börnum sínum. Svör þátttakenda við spurningunni má sjá á mynd 23 en þar má sjá að algengasta svarið meðal bæði karla og kvenna var að það væri frekar auðvelt fyrir fjölskylduna að taka frí á sama tíma. Konur virðast meta það örlítið erfiðara að taka frí saman heldur en karlar. Um 34% kvenna sögðu að það væri mjög eða frekar auðvelt á meðan um 49% karla sögðu að það væri mjög eða frekar auðvelt. Um 55% kvenna sögðu að það væri mjög eða frekar erfitt á meðan að um 36% karla svöruðu á sama hátt.




Mynd 23. Svör kvenna og karla við spurningunni: Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma?

Atvinnuþátttaka kyngreind

Þegar atvinnuþátttaka er skoðuð eftir kyni þátttakenda (sjá mynd 24) má sjá að 95% karla og 88% kvenna í úrtakinu eru í launaðri vinnu, á meðan að 12% kvenna og 5% karla eru án vinnu. Má því sjá að fleiri konur en karlar eru ekki í launaðri vinnu.


Samkvæmt Hagstofu Íslands var atvinnuþátttaka á Íslandi í júní 2014 um 85% þar sem um 89% karla og 81% kvenna voru í launaðri vinnu. Í úrtakinu er atvinnuþátttaka hærri heldur en í samfélaginu í heild, þó er hlutfallið milli kvenna og karla sambærilegt, þar sem það munar 7% á atvinnuþátttöku kynjanna.



Mynd 24. Svör kvenna og karla við spurningunni: Ert þú í launaðri vinnu?


Af þeim sem sögðust vera í launuðu starfi voru flestir í fullu starfi (sjá mynd 25). Um 94% karla og 77% kvenna sögðust vera í fullu starfi, um 1% karla og 14% kvenna

sögðust vera í hlutastarfi, um 4 % karla og 5% kvenna sögðust vera í sumarstarfi, 0,4% kvenna sögðust vera með tímabundið fullt starf yfir vetratímann en enginn karl. Konur eru því líklegri til að vera í hlutastarfi á meðan að karlar eru líklegri til að vera í fullu starfi. Þessi munur endurspeglar mögulega ólíka ábyrgð karla og kvenna á heimilinu og við umönnun barna þar sem konur eru líklegri til að sinna, auk launaðri vinnu, meiri ólaunaðri vinnu sem getur takmarkað atvinnuþátttöku þeirra.



Mynd 25. Staða þátttakenda sem eru í launuðu starfi.

Af þeim sem sögðust ekki vera í launuðu starfi voru flestir atvinnulausir í leit að vinnu (sjá mynd 26). Þó má sjá að staða þátttakenda sem ekki eru í launaðri vinnu er ólík eftir kyni. Um 50% karla og 43% kvenna sögðust vera atvinnulausir í leit að vinnu, 23% kvenna sögðust vera heimavinnandi en enginn karl, um 6% kvenna eru langvarandi veikar eða öryrkjar en enginn karl, um 17% karla en engin kona er í sumarnámi og loks voru um 17% karla og 14% kvenna í fæðingarorlofi. Konur eru því líklegri til að vera heimavinnandi á meðan karlar eru líklegri til að vera atvinnulausir í leit að vinnu.



Mynd 26. Staða þátttakenda sem ekki eru í starfi.


Námsmenn

Ein tilgáta rannsakenda var sú að námsmenn og einstæðir foreldrar væru líklegri til að lenda í erfiðleikum vegna sumarlokana leikskóla í samanburði við aðra hópa samfélagsins. Ákveðið var að skoða námsmenn í samanburði við aðra þátttakendur. Þar sem úrtakið var skekkt bæði út frá kynjahlutfalli og menntunarstigi þátttakenda þurfti að leiðrétta fyrir þær breytur. Samanburðarúrtak var útbúið með því að vigta úrtakið og jafna hlutfall karla og kvenna ásamt því að jafna út hlutfalla háskólamenntaðra einstaklinga. Samanburðarúrtakið samanstendur af 253 þátttakendum sem notaðir verða til að skoða námsmenn, einstæða foreldra og notendur fjárhagsaðstoðar í næstu köflum. Þegar námsmenn í fullu námi eru skoðaðir má sjá að námsmenn eru líklegri til bera ábyrgð á umönnun barna á meðan á leikskólalokun stendur auk þess að vera ólíklegri til að geta stundað vinnu að sumri.

Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á leikskólalokun stendur?

Líkt og sjá má á mynd 27 svöruðu námsmenn spurningunni um það hver myndi aðallega sjá um umönnun barna þeirra á meðan leikskólar loka í sumar á annan hátt en samanburðarhópurinn. Flestir námsmenn, eða um 48%, svöruðu „ég“ á meðan um 25% í samanburðarhópi svöruðu á sama veg. Um 13% námsmanna svöruðu „maki eða annað foreldri“ en 10% í samanburðarhópnum, eða um 60%,

svöruðu „ég og maki eða annað foreldri saman“ á meðan aðeins 25% námsmanna svöruðu á þá leið. Um 13% námsmanna svöruðu „annar meðlimur fjölskyldunnar“ en 5% í samanburðarhópnum og loks sögðu 2% námsmanna að utanaðkomandi aðili myndi annast börnin en enginn í samanburðarhópnum. Þessar niðurstöður benda til þess að ábyrgð á umönnun barna lendi frekar á námsmönnum einum.




Mynd 27. Svör námsmanna og samanburðarhóps við spurningunni: Hver mun aðallega sjá um daggæslu barna á meðan að leikskólar loka?

Ef sumarleyfi frá vinnu nær ekki yfir sumarleyfi barns þíns, hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu, þú eða maki þinn?

Á mynd 28 má sjá að munur er á svörum námsmanna og samanburðarhóps við spurningunni um hvor sé líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu vegna sumarlokana leikskóla, þátttakandi eða maki. Námsmenn eru líklegri til að segja að þeir muni frekar taka sér viðbótarfrí á meðan að þátttakendur í samanburðarhópnum eru líklegri til að svara að bæði þeir og makar þeirra séu jafn líklegir til að taka sér viðbótarfrí. Um 51% námsmanna og 30% í samanburðarhóp svara „ég“, um 16% námsmanna og 18% í samanburðarhópi svara „maki eða annað foreldri“, um 23% námsmanna og 45% í samanburðarhópi svara „bæði jafn líkleg“. Þar sem námsmenn eru fæstir í fullu starfi allt árið er líklegt að þessi svör bendi til þess að námsmenn séu ólíklegri til að stunda


sumarvinnu þann tíma sem leikskólar eru lokaðir.



Mynd 28. Svör námsmanna og samanburðarhóps við spurningunni: Hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí vegna sumarlokana leikskóla, þú eða maki þinn?

Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns/barna þinna?

Á mynd 29 má sjá svör námsmanna og samanburðarhópsins við spurningunni um hversu auðveldlega eða erfiðlega þeim gekk að samræma tímasetningu sumarleyfis síns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barna þeirra. Flestir í samanburðarhópnum segja að það sé frekar auðvelt á meðan ekkert eitt svar er algengast meðal námsmanna. Um 32% námsmanna segja að það sé mjög eða frekar auðvelt á móti 39% í samanburðarhópnum, um 21% námsmanna segja það hvorki auðvelt né erfitt á móti 19% í samanburðarhópnum, um 36% námsmanna og 36% samanburðarhópsins segja það frekar eða mjög erfitt.




Mynd 29. Svör námsmanna og samanburðarhóps við spurningunni: Hversu auðvelt er að samræma sumarleyfi frá vinnu við sumarlokanir leikskóla?

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

Á mynd 30 má sjá svör námsmanna og samanburðarhópsins við spurningunni um hversu auðvelt eða erfitt það sé fyrir fjölskyldumeðlimi að fara í frí á sama tíma.


Algengasta svarið meðal námsmanna var „frekar erfitt“ á meðan algengasta svarið meðal samanburðarhópsins var „frekar auðvelt“. Meðal námsmanna sögðust um 23% að það væri mjög eða frekar auðvelt á meðan að 34% samanburðarhópsins svaraði á sama hátt. Um 21% námsmanna og um 18% af samanburðarhópnum sögðu það hvorki vera auðvelt né erfitt. Um 50% námsmanna sögðu það mjög eða frekar erfitt á meðan um 43% í samanburðarhópnum svöruðu á sama hátt.



Mynd 30. Svör násmanna og samanburðarhóps við spurningunni: Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma?

Atvinnuþátttaka


Þegar atvinnuþátttaka násmanna og samanburðarúrtaksins er borin saman má sjá að um 69% násmanna eru í launaðri vinnu þegar könnunin fór fram, dagana 18. júní til 2. júlí, en um 90% þeirra í samanburðarúrtakinu. Má því sjá að rúmlega 30% násmanna eru ekki í launaðri vinnu á móti 10% í samanburðarhópnum.



Mynd 31. Svör násmanna og annarra í samanburðarúrtaki við spurningunni um hvort viðkomandi væri í launaðri vinnu.


Þegar við skoðum nánar stöðu þeirra sem eru í launuðu starfi má sjá mjög ólík svör sem endurspeglar ólíka stöðu þessara hópa. Flestir námsmenn (55%) eru í sumarstarfi á

meðan flestir í samanburðarúrtaki eru í fullu starfi (82%). Einnig má sjá að námsmenn voru líklegri til að vera í hlutastarfi heldur en einstaklingar í samanburðarúrtakinu.



Mynd 32. Staða námsmanna og samanburðarhóps sem eru í launaðri vinnu.

Af þeim sem ekki eru í launaðri vinnu eru flestir í samanburðarhópnum atvinnulausir í leit að vinnu (47%) en flestir námsmenn svöruðu „annað“ (33%). Þegar nánar er skoðað er hluti af þeim sem merkja við „annað“ í hlutastarfi en þurfa að annast börn sín á meðan leikskólar loka. Þessar ólíku niðurstöður endurspeglar þó mögulega þann vanda sem námsmenn standa frammi fyrir þegar vorönn lýkur. Þeir fá ekki sumarstarf þar sem þeir eru ekki með daggæslu fyrir börn sín í fjórar vikur yfir sumartímann. Því eru þeir líklegir til að leita eftir fjárhagsaðstoð yfir sumartímann.




Mynd 33. Staða námsmanna og samanburðarhóps sem ekki eru í launaðri vinnu.

Einstæðir foreldrar

Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á leikskólalokun stendur?


Alls voru 48 einstæðir foreldrar í úrtakinu. Þegar við berum saman svör einstæðra foreldra við foreldra í samanburðarhópnum má sjá að einstæðir eru líklegri til að segjast einir þurfa að annast barn/börn sín. Einstaklingar í samanburðarhópi eru líklegri til að segja að þeir og maki muni saman annast barn/börn sín (sjá mynd 34). Um 62% einstæðra svöruðu að þeir myndu aðallega annast barn/börn sín á móti 25% foreldra í samanburðarhópnum. Fleiri í samanburðarhópnum, eða um 10%, svöruðu „maki eða annað foreldri“ á meðan aðeins 3% einstæðra svaraði á sama hátt. Um 60% foreldra í samanburðarúrtaki svaraði „ég og maki eða annað foreldri saman“ á meðan að aðeins 23% einstæðra valdi þann svarmöguleika. Fleiri einstæðir, eða um 10%, sögðu að annar fjölskyldumeðlimur myndi aðallega annast barnið/börnin á meðan að 5% foreldra í samanburðarúrtaki svöruðu því. Hér má því sjá að ábyrgð á umönnun barna lendir frekar á einstæðum foreldrum auk þess sem þeir eru líklegri til að þurfa að reiða sig á aðra meðlimi fjölskyldunnar til að annast börn sín á meðan sumarlokanir standa yfir. Slíkt bendir til þess að hluti barna einstæðra foreldra fái ekki að njóta frísins með foreldri sínu.



Mynd 34. Svör einstæðra foreldra og samanburðarhóps við spurningunni: Hver mun aðallega sjá um daggæslu barna á meðan leikskólar loka?

Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns/barna þinna?

Þegar við skoðum svör einstæðra foreldra við spurningunni um hversu auðvelt eða erfitt sé að samræma tímasetningu sumarleyfis frá vinnu við sumarlokun leikskóla má sjá að flestir einstæðir foreldrar segja það vera mjög erfitt á meðan flestir í samanburðarhópnum segja það frekar auðvelt. Um 41% einstæðra foreldra segja það mjög eða frekar auðvelt á meðan um 39% foreldra í samanburðarhópi svara á sama hátt. Um 44% einstæðra foreldra svöruðu mjög eða frekar erfitt á meðan um 36% foreldra í samanburðarhóp svara eins. Það að fleiri einstæðir foreldrar eru án vinnu (sjá mynd 37) getur hugsanlega skýrt að hluta til hversu auðvelt einstæðum finnst að samræma frí frá vinnu við leikskólalokun.




Mynd 35. Svör einstæðra foreldra og samanburðarhóps við spurningunni: Hversu auðvelt er að samræma sumarleyfi frá vinnu við sumarlokanir leikskóla?

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

Algengasta svarið meðal einstæðra foreldra var „mjög erfitt“ á meðan algengasta svarið meðal samanburðarúrtaksins var „frekar auðvelt“. Um 26% einstæðra svöruðu að það væri mjög eða frekar auðvelt fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma á meðan um 34% foreldra í samanburðarhópnum svöruðu á sama hátt. Um 36% einstæðra foreldra svöruðu að það væri mjög eða frekar erfitt á meðan að 43% foreldra í samanburðarhópnum svöruðu á sama hátt. Áberandi fleiri einstæðir foreldrar segja að spurningin eigi ekki við eða um 21% á móti 5% þeirra í samanburðarhópnum.


Hugsanlega telja þessir einstæðu foreldrar að spurningin eigi ekki við þar sem annað foreldri er ekki á heimilinu.



Mynd 36. Svör einstæðra foreldra og samanburðarhóps við spurningunni: Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma?

Atvinnuþátttaka


Þegar atvinnuþátttaka einstæðra foreldra er borin saman við foreldra í samanburðarúrtakinu (sjá mynd 37) má sjá að um 83% einstæðra foreldra eru í launaðri vinnu en um 90% foreldra í samanburðarhópi. Því má sjá að 6,7% fleiri einstæðir eru án vinnu.



Mynd 37. Atvinnuþátttaka einstæðra foreldra og samanburðarhóps.


Meðal þeirra sem eru í launaðri vinnu má sjá að flestir eru í fullu starfi, þetta á bæði við um einstæða foreldra og samanburðarúrtakið. Ef við skoðum fyrst einstæða foreldra má sjá að um 77% eru í fullri vinnu, um 11% í hlutastarfi, 3% í sumarstarfi, 3% í tímabundnu fullu starfi yfir vetratímamann og 6% svöruðu „annað“. Þátttakendur í

samanburðarhópi voru í 82% tilfella í fullri vinnu, um 8% í hlutastarfi, um 7% í sumarstarfi, enginn var í tímabundnu starfi yfir vetrartímann en um 3% svöruðu „annað“.



Mynd 38. Staða einstæðra foreldra og samanburðarhópsins, af þeim sem eru í launaðri vinnu.

Meðal þátttakenda sem ekki eru í launaðri vinnu má sjá að flestir eru atvinnulausir í leit að vinnu, bæði meðal einstæðra foreldra og þeirra sem eru í samanburðarhópnum. Ef við skoðum einstæða foreldra þá eru um 14% heimavinnandi, 14% eru langvarandi veikir eða öryrkjar, um 43% eru atvinnulausir í leit að vinnu, um 29% svara „annað“ en enginn er í fæðingaorlofi eða í sumarnámi. Foreldrar í samanburðarhópnum eru í 19% tilfella heimavinnandi, 47% eru atvinnulausir í leit að vinnu, 12% eru í fæðingarorlofi, 3% í sumarnámi, um 20% svara „annað“ en enginn er langvarandi veikur eða öryrki. Líkt og meðal námsmanna eru sumarlokanir leikskóla möguleg skýring á því hvers vegna einstæðir foreldrar eru líklegri til að svara „annað“. Þeir sem bera einir ábyrgð á umönnun barna sinna geta lent í þeirri stöðu að fá ekki vinnu að sumri vegna sumarlokana leikskóla.



Mynd 39. Staða einstæðra foreldra og samanburðarhópsins, af þeim sem eru ekki í launaðri vinnu.

Fjárhagsaðstoðarhópur


Af þeim sem sóttu um fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg voru 37 sem sátu atvinnuleitarnámskeiðið Starfsleit sem atvinnumáladeild skrifstofu borgarstjóra og borgarritara stóð fyrir. Hópurinn samanstóð af námsmönnum milli anna, sem ekki höfðu fengið vinnu yfir sumarið 2014, og í kjölfarið sótt um fjárhagsaðstoð til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Af þeim sem mættu þann 10. júní 2014, tóku alls ellefu foreldrar þátt í rannsókninni og þrír tóku þátt 13. júní 2014. Allir nema einn svöruðu spurningakönnuninni skriflega (einn þátttakandi þarfnadist þýðingar yfir á ensku og var þá spurningakönnunin lögð fram í formi viðtals). Öllum var gefinn kostur á að koma athugasemdum eða skoðunum skriflega á framfæri, sem tengdust efninu, aftast á spurningalistanum. Flestir nýttu sér þann valkost.

Út frá niðurstöðum má sjá að úrtakið er mjög einsleitt, allir þátttakendur voru konur, allar áttu þær eitt barn, leikskóli barna þeirra lokaði í sumar, allar voru þær námsmenn í fullu námi, fyrir utan eina sem var í hlutanámi og eina sem var í fæðingarorlofi. Alls sögðust 10 af 14 hvorki eiga maka né vera í föstu sambandi. Ein þeirra sagðist eiga og búa með maka og ein sagðist eiga maka eða vera í föstu sambandi en ekki búa með honum/henni. Konurnar voru fæddar á bilinu 1990 til 1974 og var meðalaldur hópsins 31 ár. Engin þeirra var í launuðu starfi en þær sögðust ýmist vera atvinnulausar í leit að vinnu (8), annað (3), í fæðingarorlofi (1) eða skiluðu engu svari við spurningunni (2).

Flestar voru með stúdentspróf (7), eða háskólagráðu (4), ein var með meistara- eða doktorsgráðu og ein var með diplómagráðu.

Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á leikskólalokun stendur?


Notendur fjárhagsaðstoðar svöruðu í 64% tilfella að þær myndu aðallega annast börn sín á meðan leikskólar lokuðu í sumar á meðan flestir í samanburðarhópnum svöruðu að þeir myndu annast barn/börnin ásamt maka eða öðru foreldri barnsins (sjá mynd 33).



Mynd 40. Svör fjárhagsaðstoðarhópsins og samanburðarhóps við spurningunni: Hver mun aðallega sjá um daggæslu barna á meðan leikskólar loka?

Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns/barna þinna?


Á meðan svör einstaklinga í samanburðarhópnum dreifast á alla svarmöguleika svöruðu þær konur sem fá fjárhagsaðstoð í sumar ýmist að þeim þætti frekar eða mjög erfitt að samræma tímasetningu sumarleyfis við sumarlokun leikskóla auk þess sem 15,4% svöruðu að spurningin ætti ekki við (sjá mynd 41). Þessi svör endurspeglar eflaust stöðu þessa hóps, þar sem þær eru námsmenn og fæstar í sambúð sem gerir það að verkum að þær eiga erfiðara með að fá sumarstarf þar sem umönnum barna lendir aðallega á þeim.



Mynd 41. Svör fjárhagsaðstoðarhóps og samanburðarhóps við spurningunni: Hversu auðvelt er að samræma sumarleyfi frá vinnu við sumarlokunar leikskóla?

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

Þegar við berum saman svör þeirra sem eru í fjárhags- og samanburðarhóp má sjá að algengustu svör þeirra sem eru í samanburðarhópi voru þau að það væri frekar auðvelt eða frekar erfitt (sjá mynd 42). Flestir í fjárhagsaðstoðarhópnum svöruðu hins vegar að það væri mjög erfitt.




Mynd 42. Svör fjárhagsaðstoðarhóps og samanburðarhóps við spurningunni: Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma?

Áhrif menntunar

Við tölfræðiúrvinnslu kom óvænt í ljós að nokkur munur var á svörum foreldra eftir menntun, þá sérstaklega eftir menntun og kyni. Mismikill þó eftir því um hvað var spurt. Niðurstöður bentu almennt til þess að þeir sem voru með fjögurra ára framhaldsskólamenntun eða minna voru líklegri til að lenda í erfiðleikum en þeir sem voru með háskólamenntun, og að konur væru líklegri til að finna fyrir erfiðleikum og aukinni ábyrgð vegna leikskólalokana. Foreldrar voru flokkaðir eftir eftirfarandi menntunarstigi: Minna en stúdents- eða iðnpróf (foreldrar gátu merkt við grunnskólapróf og framhaldsskólamenntun skemur en 4 ár, en vegna lítils fjölda í hópnum þeirra sem voru einungis með grunnskólapróf voru valkostirnir tveir teknir saman), iðn- og tæknimenntun, stúdentspróf, háskólamenntun (grunnháskólagráða: BA, BS, B.ed, B.Acc og sambærilegt), og meistara- eða doktorsgráða.


Einstæðir foreldrar

Áður en lengra er haldið er rétt að líta yfir tölur um hjúskaparstöðu foreldra út frá menntun og kyni. Hér má sjá svör þátttakenda við spurningunni: Átt þú maka eða ert þú í föstu sambandi?




Mynd 43. Hjúskaparstaða þátttakenda skipt eftir menntun.

Eins og sjá má eru þeir sem hafa meiri menntun aðeins líklegri til að vera í föstu sambandi og búa með maka. Foreldrar með minni en fjögurra ára menntun eftir grunnskóla eru líklegastir til að vera einhleypir, og foreldrar með háskólamenntun á einhverju stigi eru líklegastir til að eiga maka og vera í sambúð með makanum. Sá munur kemur skýrur fram meðal kvenna en karla, eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Mynd 44. Hjúskaparstaða kvenna skipt eftir menntun.

Algengara var að karlar sem tóku þátt í spurningakönnuninni ættu maka og byggju með maka sínum, heldur en konur. Að auki kom ekki fram jafn skýr munur á milli menntunarstigs og hjúskaparstöðu og hjá konum.




Mynd 45. Hjúskaparstaða karla skipt eftir menntun.

Möguleg skýring á muninum á milli kvenna og karla er sú að ef til vill eru einstæðir karlar ólíklegri til að svara spurningakönnunum á netinu (eins og á við um unga, lítið menntaða karla yfirleitt), heldur en þeir sem eru í sambúð. Eða jafnvel hefur fjöldi karlkyns svarenda einhver áhrif. En þeir eru, eins og áður hefur komið fram, einungis tæplega þriðjungur af heildarþátttakendum.

Ekki er ólíklegt að mishátt hlutfall einstæðra foreldra eftir menntunarstigi hafi áhrif á niðurstöður spurninganna sem kynntar eru í þessum kafla. Hinsvegar er sá hlutfallslegi munur minni en sá sem kemur fram á milli foreldra með mismikla menntun. Með öðrum orðum þá gætu áhrif þess að vera einstæður útskýrt dreifingu svaranna að einhverju leyti, ásamt áhrifum menntunar.

Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á leikskólalokun stendur?

Þegar niðurstöður við spurningunni um hver muni aðallega sjá um börnin eru skoðaðar út frá menntun má augljóslega sjá að foreldrar með mismunandi menntunarstig svara henni á ólíkan hátt.




Mynd 46. Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á sumarlokun leikskóla stendur. Skoðað eftir menntunarstigi.

Samkvæmt niðurstöðunum eru foreldrar með minna en stúdents- eða iðnpróf líklegastir til að segja að þeir einir muni aðallega sjá um umönnun barna sinna eða 52,9%, og ólíklegastir til að segja að þeir muni sjá um umönnun með maka eða öðru foreldri eða 33,3%. Það má hinsvegar minna á að fleiri einstæðir foreldrar voru í hópi þeirra sem voru með minna en stúdents- eða iðnpróf en í öðrum menntahópum (sjá nánar mynd 44


og 45), þó er munurinn milli menntunarstigs meira afgerandi. Þeim, sem segjast munu aðallega sjá um umönnun barna sinna einir á meðan á leikskólalokun stendur, fækkar eftir því sem menntunarstigið hækkar. Þeir sem eru með iðn- eða tæknimenntun skera sig hinsvegar úr, þar sem fleiri nefna að maki muni aðallega sjá um umönnun. Það á sérstaklega við um konur með tækni- eða iðnmenntun.

Foreldrum sem hökuðu við valkostinn að bæði þeir og maki eða annað foreldri muni sjá um umönnun fjölgaði jafnt og þétt með auknu menntunarstigi. Foreldrar með minna en stúdents- eða iðnpróf voru ólíklegastir til að segjast sjá um umönnun með maka sínum eða öðru foreldri og foreldrar með meistara- og doktorsgráðu voru líklegastir.

Eftir kyngreiningu gagnanna má sjá að karlar og konur svara á nokkuð ólíkan hátt. (Í samanburðinum voru einungis notaðir þrír helstu valmöguleikar við spurningunni: Ég, maki eða annað foreldri og ég og maki eða annað foreldri saman).



Mynd 47. Svör kvenna.



Mynd 48. Svör karla.


Ef við berum saman svör karla og kvenna má sjá að mun algengara er að karlar svari að þeir muni sjá um umönnun með maka eða öðru foreldri, heldur en konur. Að sama skapi svara konur oftast að þær muni sjá um börnin sjálfar. Foreldrar með minna en stúdents- eða iðnpróf eru ólíklegastir til að segjast sjá um börnin með maka sínum eða öðru foreldri, og bæði konur og karlar með iðn- eða tæknimenntun eru líklegust til að nefna maka eða annað foreldri sem helsta umönnunaraðila barnanna.

Mesta samræmið var í svörum kynja með minna en stúdents- eða iðnpróf og meistara- eða doktorsgráðu frá háskóla. En nokkuð mikið ósamræmi var á svörunum milli kynja innan hópa með annað menntunarstig.

Ef sumarleyfi frá vinnu nær ekki yfir sumarleyfi barns þíns, hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu, þú eða maki þinn?


Svör við spurningunni um hver muni aðallega sjá um umönnun barna á meðan á leikskólalokun stendur sýna samskonar niðurstöður og svör við spurningunni um hver væri líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu. Ef til vill gæti það verið vísbending um að það séu sömu aðilarnir í fjölskyldunni sem sjá aðallega um umönnun barnanna og eru líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu til að annast þau. Helsti munurinn á svörunum er sá að færri segja að bæði hann/hún og maki séu jafn líkleg til að taka sér viðbótarfrí, og fleiri nefna annað hvort sjálfa(n) sig eða maka, en í niðurstöðum spurningarinnar hér að ofan. Hugsanlega er það vegna þess að fólk gerir ráð fyrir að annaðhvort það sjálft eða maki sé í betri stöðu til að taka frí frá vinnu.

Foreldrar með minna en stúdentspróf voru sá hópur sem nefndi oftast sjálfa(n) sig sem líklegasta aðilann til að taka viðbótarfrí, foreldrar með iðn- eða tæknimenntun sögðu oftast en aðrir hópar að maki eða annað foreldri væri líklegastur en foreldrar í öðrum menntunarhópum, og flestir foreldrar sem voru með meistara- eða doktorspróf töldu bæði sig sjálfa og maka eða annað foreldri jafn líkleg.



Mynd 49. Spurningin: Hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu vegna sumarlokunar leikskóla, þú eða maki þinn? Skoðuð eftir menntunarstigi.


Töluverður munur var á því hvernig karlar og konur svöruðu spurningunni. Eins og sjá má á mynd 50 og 51 svara karlar töluvert oftast að þeir og maki þeirra séu bæði jafn líklegir, heldur en konur gera. Að auki svöruðu karlar á öllu menntunarstigi oftast að maki eða annað foreldri væri líklegri til að taka sér frí. Karlar svöruðu sjaldnast að þeir sjálfir væru líklegastir til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu eða að spurningin ætti ekki við um þá.



Mynd 50. Svör karla.

Konur hinsvegar svöruðu oftast að þær sjálfar væru líklegastar til að taka sér frí, að undanskyldum konum með meistara- eða doktorsgráðu. Næst algengasti valkosturinn

var að bæði þær og maki eða annað foreldri væru jafn líkleg. Fæstar svöruðu að maki eða annað foreldri væri líklegra, fyrir utan konur með iðn- eða tæknipróf. Í hópi kvenna með stúdentspróf eða meiri menntun voru fleiri konur sem sögðu að spurningin ætti ekki við, heldur en að nefna maka eða annað foreldri sem líklegri aðila til að taka viðbótarfrí.




Mynd 51. Svör kvenna.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að konur séu líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu ef sumarleyfi þeirra og maka nær ekki yfir sumarlokun leikskóla barna þeirra. Þetta gefur til kynna að þeirra atvinnuþátttaka sé líklegri til að skerðast en atvinnuþátttaka karla, vegna sumarlokana leikskóla.

Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns/barna þinna?


Einnig kom í ljós að einhver munur var á því hversu auðveldlega eða erfiðlega foreldrum gekk að samræma sumarfrí sitt frá vinnu við leikskólalokun, eftir því hvaða menntun þeir voru með. Niðurstöður varpa einhverju ljósi á það hversu auðvelt eða erfitt það er fyrir hópa á mismunandi stöðum á atvinnumarkaðnum að fá frí á þeim tíma sem leikskólar loka. Almennt er viðurkennt að sterk tengsl eru milli menntunarstigs fólks og ákveðinna starfsstétta og vinnuumhverfis. (Við gefum okkur að fólk með meiri menntun sé að jafnaði líklegra til að vera í starfi sem býður upp á meiri sveigjanleika hvað varðar vinnutíma og frídaga heldur en þeir sem eru með minni menntun).

Algengast var að þeir sem voru með meistara- eða doktorsgráðu sögðu að það væri frekar auðvelt eða mjög auðvelt að samræma sumarleyfi frá vinnu við sumarlokun leikskólanna, 39,3% sögðu það frekar auðvelt og 17,8% sögðu það mjög auðvelt. Þar næst voru foreldrar með grunnháskólamenntun, 29,2% sögðu að það væri frekar auðvelt og 21,4% sögðu að það væri mjög auðvelt (jafnmargir sögðu að það væri frekar erfitt). Sá hópur sem sagði oftast að það væri frekar erfitt voru foreldrar með minna en stúdents- eða iðnpróf eða 28,2%, og þeir sem voru með iðn- eða tæknimenntun sögðu oftast að það væri mjög erfitt eða 24,2% (reyndar var algengast að foreldrar í þeim hópi sögðu að það væri hvorki auðvelt né erfitt (30,3%).



Mynd 52. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns? Skoðað eftir menntunarstigi.


Þessi skipting kemur töluvert skýrar fram hjá konum en körlum (til að gera línurit notendavænna var niðurstöðum frá valkostunum 'hvorki auðvelt né erfitt' og 'á ekki við' sleppt).



Mynd 53. Svör kvenna.

Sjá má greinilega skiptingu á milli þeirra sem eru með fjögurra ára menntun eða minni eftir grunnskólapróf, og þeirra sem eru með háskólamenntun af einhverju tagi. Konur með iðn- eða tæknimenntun áttu erfiðast með að samræma frí við leikskólalokun, 33,3% sögðu að það væri mjög erfitt, og auðveldast var það fyrir konur með meistara- eða doktorsgráðu, 41,4% sögðu það frekar auðvelt og 20% sögðu það mjög auðvelt.

Svör karlanna sýna örlítið dreifðara mynstur. Þeir sem áttu erfiðast með að samræma frí sitt við leikskólalokun voru karlar með stúdentspróf, og þeir sem áttu auðveldast með það voru karlar með iðn- eða tæknipróf (möguleg skýring á því gæti verið hátt hlutfall einstaklinga í sjálfstæðum rekstri).




Mynd 54. Svör karla.

Flestum körlum, sem eru með minna en stúdents- eða iðnpróf, fannst frekar erfitt að samræma sumarfrí við leikskólalokun og flestir þeirra sem voru með háskólamenntun af einhverju tagi sögðu að það væri frekar auðvelt.

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?


Niðurstöður úr spurningunni um hversu auðvelt það er fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma, út frá mismundi menntunarstigi, sýndu að frekar lítill munur var milli hópanna. Möguleg skýring er þá hér eru foreldrar beðnir um að áætla bæði fyrir sig og maka (ef við á), og kemur þá inn hversu auðvelt eða erfitt er fyrir maka að samræma frí frá vinnu við leikskólalokun að auki. Þar af leiðandi er hægt að tala um að svarið sé

ákveðið meðaltal svarandans og maka hans, sem gæti útskýrt þennan litla mun miðað við önnur svör.




Mynd 55. Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma? Skoðað eftir menntunarstigi.

Eftir kynjagreiningu gagnanna má þó sjá ákveðinn mismun. Eins og í niðurstöðum spurningarinnar hér að ofan um samræmingu sumarfrís frá vinnu, má sjá meiri mun á milli kvenna með mismikla menntun en karla. Enn og aftur eru það konur með fjögurra ára menntun eftir grunnskólapróf sem telja það gjarnan erfiðara fyrir fjölskylduna að fara í frí á sama tíma samanborið við konur með háskólamenntun.



Mynd 56. Svör kvenna.


Algengasta svar karla, á öllu menntunarstigi, var að það væri frekar auðvelt fyrir fjölskyldumeðlimi að taka sumarfrí á sama tíma, að frátöldum körlum með minna en stúdents- eða iðnpróf.



Mynd 57. Svör karla.


Eigindleg svör

Tæplega þriðjungur þeirra sem lauk könnuninni kaus að skrifa athugasemd í lokin, eða um 28% (119 af 421). Vinnsla með eigindleg svör fór þannig fram að hver athugasemd var lesin og metin út frá því hvort fólk lýsti yfir óánægju með fyrirkomulag leikskólalokana að einhverju eða öllu leyti, eða hvort það lýsti annaðhvort yfir ánægju með leikskólalokanir eða tjáði að þær yllu sér engum erfiðleikum. Einhverjir svarendur skrifuðu athugasemdir sem hvorki var hægt að flokka undir óánægju né ánægju og voru þær flokkaðar sem hlutlausar. Yfir 77% svarenda, sem skildu eftir athugasemd, lýstu því yfir að þau væru ekki sammála núverandi fyrirkomulagi leikskólalokana, tæp 11% skildu eftir hlutlausar athugasemdir og tæp 12% sögðust vera sammála leikskólalokunum eða að þær hefðu engin áhrif.




Mynd 58. Hlutfall þeirra sem eru ósammála, hlutlaus eða sammála leikskólalokunum af þeim sem skrifuðu athugasemd.

Ef litið er á kynjaskiptingu þeirra sem skrifuðu athugasemd má sjá að hún endurspeglar kynjaskiptingu úrtaksins í heild nokkuð vel. Vekja má athygli á að hóparnir sem skrifuðu hlutlausar og samþykkjandi athugasemdir voru frekar fámennir, einungis voru 12 einstaklingar í hlutlausa hópnum og 14 einstaklingar í hópnum sem var sammála leikskólalokunum.




Mynd 59. Eigindlegum svörum skipt eftir kyni þátttakenda.

Allir sem skildu eftir hlutlausa athugasemd eða sögðust vera sammála núverandi fyrirkomulagi voru í föstu sambandi og bjuggu með maka. Um 7,7% þeirra sem voru ósammála núverandi fyrirkomulagi voru einstæðir og um 4,4% áttu maka eða voru í föstu sambandi en bjuggu ekki með makanum.



Mynd 60. Eigindlegum svörum skipt eftir hjúskaparstöðu.


Af þeim þátttakendum sem voru sammála núverandi fyrirkomulagi voru allir nema einn með stúdentspróf eða háskólamenntun af einhverju tagi. Menntunardreifing þeirra sem voru ósammála var nokkuð svipuð dreifingu úrtaksins í heild, en þó voru hlutfallslega fleiri með stúdentspróf eða framhaldsskólamenntun og færri með meistara- eða doktorsgráðu miðað við úrtakið í heild.




Mynd 61. Þátttakendum sem voru sammála og ósammála skipt eftir menntunarstigi.

Ef sumarleyfi frá vinnu nær ekki yfir sumarleyfi barns þíns, hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu, þú eða maki þinn?

Þeir sem voru ekki sammála núverandi fyrirkomulagi sögðu oftast að þeir myndu sjálfir vera líklegri til að taka sér viðbótarfrí frá vinnu ef sumarleyfi næði ekki yfir sumarlokun leikskóla barna þeirra. Báðir hóparnir nefndu hlutfallslega um það bil jafn oft að bæði þau og maki væru jafn líkleg, eða að maki væri líklegri til að taka sér frí. Töluvert fleiri í hópi þeirra sem voru sammála núverandi fyrirkomulagi sögðu spurninguna ekki eiga við sig, heldur en í hópi þeirra sem voru ósammála. Þetta gæti verið vísbending um að þeir sem eru sammála séu ólíklegri til að huga að eða taka viðbótarfrí.




Mynd 62. Hvor er líklegri til að taka sér viðbótarfrí? Skoðað eftir því hvort viðkomandi er sammála eða ósammála leikskólalokun.




Mynd 63. Kyngreindar niðurstöður.

Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þíns/barna þinna á meðan á leikskólalokun stendur?

Allir þeir sem voru sammála núverandi fyrirkomulagi sögðust sjá um umönnun barna sinna með maka eða öðru foreldri, á meðan helmingur þeirra sem voru ósammála svaraði á sama hátt. Um þriðjungur þeirra sem voru ósammála sagðist sjálf(ur) aðallega sjá um daggæsluna og restin nefndi maka, annan aðila fjölskyldunnar, utanaðkomandi aðila eða vissi það ekki.




Mynd 64. Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns/barna? Skoðað eftir því hvort fólk er sammála eða ósammála núverandi fyrirkomulagi.




Mynd 65. Kyngreindar niðurstöður. Athugið að svör kvenna og karla sem eru sammála mynda eina línu þar sem þau svara spurningunni eins.

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

Að meðaltali þótti þeim foreldrum sem voru sammála núverandi fyrirkomulagi auðveldara að fara í frí á sama tíma, en þeim sem voru ósammála. Um 78,6% þeirra sem voru sammála sögðu að það væri mjög eða frekar auðvelt, á meðan að 15,3% þeirra sem voru ósammála svöruðu á sama hátt. Tæp 62% þeirra sem voru ósammála sögðu að það væri mjög eða frekar erfitt, og 7,1% þeirra sem voru sammála sögðu að það væri frekar erfitt (enginn í þeim hópi sagði að það væri mjög erfitt).




Mynd 66. Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi að taka frí á sama tíma? Skoðað eftir því hvort þátttakendur eru sammála eða ósammála sumarlokunum.




Mynd 67. Kyngreindar niðurstöður.

Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns þíns?

Þeim sem voru sammála núverandi fyrirkomulagi fannst auðveldara að samræma frí sitt frá vinnu við sumarlokun leikskóla, um 71,4% sögðu að það væri frekar eða mjög auðvelt, á meðan um 18,7% þeirra sem voru ósammála svöruðu á sama hátt. Um 58,3% þeirra sem voru ósammála sögðu að það væri frekar eða mjög erfitt og 7,1% þeirra sem voru sammála sögðu að það væri frekar erfitt (enginn í þeim hópi sagði að það væri mjög erfitt).



Mynd 68. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarlokun leikskóla barns sín?



Mynd 69. Kyngreindar niðurstöður.

Hvers eðlis voru athugasemdirnar?

Sammála

Þeir sem voru sammála núverandi fyrirkomulagi skildu gjarnan eftir stuttar og laggóðar athugasemdir. Þeir skrifuðu til dæmis: „*Hið besta mál*“ og „*finnst gott að það sé lokað*“.

Nokkrir nefndu að þeim fyndist mikilvægt að börnin fái sitt sumarfrí og að hvíla ætti húsnæði leikskólanna. Aðrir sögðu frá því að þeim gengi auðveldlega að taka sér sumarfrí á sama tíma og leikskólar barna þeirra lokuðu. Ein athugasemdin hljóðaði svona: „*Nei, mér finnst sjálfsagt að leikskólar loki, en það er sjálfsagt vegna þess að bæði ég og makinn og fjölskyldur okkar erum öll með sveigjanlega vinnutíma og getum auðveldlega hagrætt tíma okkar með og án barnsins, og hlökkum til þess að eiga fríð saman í júlí*“.

Námsmenn og aðrir sem töldu sumarlokun hafa áhrif á atvinnuþátttöku

Ákveðinn hópur þátttakenda nefndi að leikskólalokanir hefðu bein áhrif á getu þeirra til að stunda atvinnu, eins og þessi kona orðaði það: „*Vegna lokunar leikskóla þarf ég að vera launalaus atvinnuleitandi þar sem ég hef enga pössun og maðurinn minn fær ekkert frí heldur*“. Tekið skal fram að viðkomandi sagðist ekki vera námsmaður. Önnur athugasemd var á þessa leið:

„*Það hefur hamlað mér að fá vinnu yfir sumarið því ég þarf að vera heima með barnið þegar leikskólinn lokar*.“

Nokkrar samskonar athugasemdir komu frá námsmönnum sem sögðu að þeir, eða maki þeirra, gætu ekki unnið að sumri til vegna leikskólalokana.

„*Ég er atvinnulaus útaf sumarlokun leikskólanna. Sem námsmaður sem lauk námi um miðjan maí, og leikskólinn lokar 09.07 til 06.08, svo byrjar nám hjá mér aftur um 20 ágúst. Sumarlokunin er mér mjög óhentug það er nógu erfitt að fá summarvinnu á leikskólatímum(skrifstofutímum), en með því að ég geti ekki unnið stóran hluta af júlí og byrjun ágúst þá er ekki vinna í boði fyrir mig. Þetta er mjög slæm staða sem ég er í*.“

„*Ég er nýútskrifaður úr Háskóla Íslands en hef átt í mesta veseni með þessa sumarlokun síðustu ár. Unnusta mín hefur ekki fengið vinnu að sumri til vegna þess að hún þarf að vera heima með börnin þennan eina mánuð*“

„*Ég er í námi og get ekki unnið á sumrin vegna þess að enginn vill ráða manneskju sem ekki getur unnið í júlí. Finnst að fólk ætti að geta ráðið sínu sumarfrí sjálft. Það væri mjög æskilegt fyrir mig að vinna yfir sumartímann til að geta öðlast reynslu í mínu fagi*.“

„*Nemi sem fær sumarstarf fær í raun ekkert sumarleyfi og því getur verið mjög erfitt þegar kemur að sumarlokun leikskólanna. Sumir fá ekki vinnu á meðan aðrir þurfa að taka sér launalaust frí*.“

„Einstæðir foreldrar í námi lenda í miklum erfiðleikum vegna sumarlökunar.“

Foreldrar sem voru ósammála eða vildu sjá önnur úrræði

Meirihluti foreldranna sem voru ósáttir talaði um að tveggja vikna lokun væri betra fyrirkomulag, eða nefndi að hann myndi vilja hafa val um mismunandi tímasetningar ár frá ári, þ.e.a.s. að leikskólinn væri ekki alltaf lokaður í júlí.

„Var betra þegar leikskólarnir lokuðu í tvær vikur og foreldrar gátu ráðað hinum tveimur öðruhvorum megin við lokunartímann, svo finnst mér ekki eðlilegt að leikskólinn loki alltaf í júlí ár hvert, skiljanlega gengur það ekki upp að foreldrar geti alltaf verið í frí á sama tíma.“

Sumir foreldrar gáfu í skyn að þeir ættu ekki í erfiðleikum með að fá frí eða stunda vinnu, en fannst fyrirkomulagið óæskilegt af einhverjum ástæðum, eins og þessi orðaði það: *„Frekar erfitt að vera alltaf manneskjan sem verður að taka sumarfrí í júlí - ekki sanngjarnt fyrir samstarfsfólk :-/“*

Starfsfólk leikskóla

Eitthvað var um að starfsmenn á leikskóla skrifuðu athugasemdir og komu þá misjöfn sjónarmið fram. Annars vegar það sjónarmið að þau sjálf væru alltaf í frí og þá skapaði það enga erfiðleika að annast börnin á meðan á leikskólalokun stendur. *„Ég vinn á leikskóla sem er lokaður á næstum sama tíma og mitt barn er á. Svo það auðveldar þetta allt saman“*

En hinsvegar kom fram að starfsmenn leikskóla hefðu ekkert val um hvenær þeir tækju sumarfrí og hversu lengi

„Er starfsmaður leikskóla og finnst erfitt að þurfa að taka launalaust leyfi í viku vegna þess að ég þurfi að gera það. Gæti verið mætt viku fyrr, undirbúið deildir, farið yfir leikföng, tekið til í útiskúrum og ýmislegt sem hægt væri að ditta að.. :)“

Foreldrar sem geta ekki fengið frí í júlí eða vilja sveigjanlegri lokunartíma

Það var nokkuð algengt að foreldrar segðust ekki geta fengið frí í júlímánuði ár hvert (en eins og kunnugt er loka allir leikskólar Reykjavíkurborgar í júlí). Flestir þeirra vildu fá að ráða hvenær börn þeirra fengju sumarfrí.

„Annars fyndist mér að leikskólar ættu ekki að loka, heldur ráða til sín afleysingafólk og hafa opið allt sumarið. Sumir, eins og ég, vinna við ferðamennsku og fá lítið sem ekkert frí á sumrin.“

„Mjög ósátt að þurfa alltaf að taka frí í júlí þar sem að það hentar mínu vinnuumhverfi mjög illa. Neyðist alltaf til að fá einhvern annan til að passa barnið mitt, en þetta er auðvitað sá tími ársins sem að fjölskyldan myndi vilja vera saman.“

„Mætti vera sveigjanlegra sumarfrí í leikskólum, ekki sjálfgefið að hægt sé að taka frí frá vinnu í júlí þegar leikskólinn er lokaður.“

„Vill fá að hafa val, t.d. 6-8 vikur yfir sumartímann sem hægt væri að velja 4 vikur og láta vita tímanlega hvaða vikur maður ætlar að taka frí.“

Úrræði

Rannsakendur tóku þá ákvörðun í byrjun að skoða leikskólalokanir og úrræði tengd þeim út frá eins mörgum hliðum og mögulegt var. Því fylgdi að farið var í gegnum þau úrræði eða þá valkosti sem stóðu foreldrum til boða á meðan leikskólar voru lokaðir yfir sumartímann (fyrir þá foreldra sem ekki gátu verið í fríi eða frá vinnu á þeim tíma). Í ljós kom að úrræðin voru ekki ýkja mörg, í raun voru það einungis aðrir leikskólar í borginni sem ekki lokuðu yfir sumartímann sem buðust foreldrum í þessari stöðu.

Sérstakt úrræði – Leikskólar opnir allt árið

Samkvæmt fundargerðum leikskólaráðs frá árinu 2006 hefur almennt verið tekin sú ákvörðun að meðfram leikskólalokunum yrði foreldrum boðinn sá kostur að koma börnum sínum fyrir á leikskólum sem ekki loka yfir sumartímann. Á 7. fundi leikskólaráðs, sem haldinn var þann 6. desember 2006, var eftirfarandi ákvörðun tekin um að hafa einn leikskóla opinn í hverju hverfi:

Í hverju hverfi verður einn leikskóli opinn allt sumarið sem úrræði fyrir þá foreldra sem ekki geta tekið sumarleyfi þegar leikskóli barna þeirra lokar. Auglýst verður eftir leikskólum sem eru reiðubúnir til að hafa opið allt sumarið. (Leikskólaráð Reykjavíkurborgar (2006), mál 4).

Fyrirkomulaginu um að hafa einn leikskóla opinn í hverju hverfi var svo breytt árið 2009 í einn leikskóla í hverjum borgarhluta, eins og fram kemur hér í fundargerð leikskólaráðs frá 50. fundi þann 28. janúar 2009:

Lagt er til að í hverjum borgarhluta verði a.m.k. einn leikskóli opinn allt sumarið sem úrræði fyrir þá foreldra sem ekki geta tekið sumarleyfi þegar leikskóli barna þeirra lokar. (Leikskólaráð Reykjavíkurborgar (2009), mál 5.)

Í ár voru einn borgarrekinn leikskóli og einn sjálfstætt starfandi leikskóli opnir allt árið. Ekki kemur fram í fundargerðum hvernig það úrræði nýttist en samkvæmt Ragnhildi Erlu Bjarnadóttur, fyrrverandi sviðsstjóra Leikskólasviðs, hafði úrræðið ekki nýst vel árið 2009. Eins og hún orðaði það í viðtali við Morgunblaðið árið 2010 um leikskólalokanir: „Foreldrum stendur til boða að flytja barn sitt á leikskóla sem opnir eru en það var lítið nýtt í fyrra“ (Svanbjörg H. Einarsdóttir, 2010).

Þar sem gæsluvöllum í Reykjavík hafði verið lokað árið 2009 var úrræðið að flytja börn tímabundið yfir á annan leikskóla í raun eina lausnin sem foreldrum í Reykjavík bauðst ef þeir fengu ekki frí frá vinnu á sama tíma og leikskóli barna þeirra lokaði (fyrir utan að finna daggæslu hjá sjálfstæðum aðilum eða fjölskyldumeðlimum). Því langaði rannsakendur annars vegar að kanna hvort foreldrar vissu almennt af því úrræði og hinsvegar hversu líklegir eða ólíklegir þeir væru til að notfæra sér það, ef til þess kæmi. Lagðar voru tvær spurningar undir lok spurningakönnunarinnar sem rannsökuðu þessa tvo þætti. Í ljós kom að langflestir foreldranna vissu ekki af þessu úrræði.

Sá valkostur hefur verið fyrir hendi að færa börn tímabundið á annan leikskóla sem er opinn allt árið, á meðan sumarloknir standa yfir. Þekkir þú þann valkost?




Mynd 69. Svör kvenna og karla við spurningunni um hvort þau þekktu það úrræði að færa barn tímabundið á annan leikskóla.

Um 10% kvenna og um 7% karla sögðust þekkja valkostinn. En 90% kvenna og 93% karla sögðust ekki þekkja hann. Að meðaltali sögðust tæplega 9% þátttakenda í heild þekkja valkostinn og rúmlega 91% ekki þekkja hann.

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir notfæra þér þann valkost ef til þess myndi koma?

Þátttakendurnir voru spurðir hversu líklegir eða ólíklegir þeir væru til að notfæra sér valkostinn að færa börn sín yfir á annan leikskóla yfir sumarlokunartíma. Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti er meirihluti foreldra annað hvort frekar- eða mjög ólíklegur til að notfæra sér hann, eða samtals 63,6% konur og 54,5% karlar. Um 20,1% kvenna og um 22,3% karla sögðu að þau væru frekar eða mjög líkleg til að nýta sér valkostinn.



Mynd 70. Hversu líklegt eða ólíklegt er að viðkomandi notfæri sér þann valkost? Skoðað eftir kyni þátttakenda.

Eigindleg svör

Nokkrir einstaklingar sem tóku spurningakönnunina tjáðu sig um það hvers vegna þau væru ekki tilbúin að koma börnum sínum tímabundið fyrir á öðrum leikskóla.

Algengasta ástæðan var vegna velferðar barnanna. Í ljós kom að foreldrum finnst of mikið á börnin lagt að aðlagast nýjum leikskóla eða flytja þau í ókunnugt umhverfi, eins og þessir foreldrar orðuðu það:

„... ég myndi segja að lausnin að færa börn tímabundið á milli leikskóla sé vond, alltof mikið rót fyrir svo ung börn, en hins vegar væri frekar hægt að reyna að hafa eina deild opna á hverjum leikskóla fyrir þá sem eru ekki í aðstöðu til að taka frí í júlí.“

„...Ég myndi aldrei láta börnin á annan leikskóla, með ókunnugu starfsfólki eða börnum þar sem ég tel það of mikinn þvæling.“

„Er ekkert sérlega spennt fyrir því að senda dóttur mína í annan leikskóla, sem hún þekkir ekki, í mánuð yfir sumartímann, þar sem hún þarf sinn tíma til að aðlagast nýjum aðstæðum. Frekar förum við kærastinn minn í sumarfrí á sitthvorum tíma til að brúa bilið (en það er heldur ekki spennandi valkostur).“

Þátttakendur í könnuninni, sem voru í fjárhagsaðstoðarhópnum, ræddu þetta úrræði einnig en þeirra aðstæður eru þó nokkuð frábrugðnar aðstæðum foreldra sem eru ekki í fullu námi né sumarstarfi. Athugasemdir þeirra endurspegluðu vilja til að eiga sumarfrí með börnum sínum þrátt fyrir aðstæður sínar. Ein móðin sagði:

„...Dóttir mín á rétt á sumarfrí eins og öll önnur börn og að ég sé með henni. Svo mér finnst ekki koma til greina að setja hana í annan leikskóla á meðan hennar leikskóli er lokaður.“

Önnur móðir nefndi í sinni athugasemd að hún myndi vilja nýta valkostinn ef til þess kæmi. *„Ég mundi helst vilja taka sumarfrí með dóttur minni. En ef það væri ekki möguleiki í viðkomandi vinnu væri gott að geta notað leikskóla sem væri opin yfir sumarið.“*

Viðtal við leikskólastjóra Hagaborgar

Þann 30. júní 2014 heimsóttu rannsakendur Ólaf Birki Bjarnason, leikskólastjóra Hagaborgar, og lögðu fyrir hann nokkrar spurningar varðandi opnun leikskólans yfir sumartímann. Hagaskóli er eini borgarrekni leikskólinn sem er opin allt árið.

Aðspurður um hvaða foreldrar höfðu mest nýtt sér þjónustu Hagaborgar yfir sumartímann, taldi Ólafur að stór hluti þeirra væru einstaklingar sem búa erlendis yfir vetrartímann og koma heim yfir sumartímann, til dæmis til að vinna. Ekki væri mikið um að börn kæmu sem væru búin að vera í öðrum leikskólum yfir veturinn, en líklegast væru það börn námsmanna eða einstæðra foreldra. Af þeim væru þetta þó aðallega börn einstæðra, erlendra kvenna. Sum börn koma þá aftur ár eftir ár.

Hann segir að það geti verið mikið þúsl að skipuleggja frí starfsmanna og barna. Það sé erfitt en gerlegt. Hann bætir við að það sé mjög mikilvægt að hafa gott skipulag á fríum starfsmanna og barna, best væri að hafa lotur yfir sumarið þar sem fólk gæti valið um ákveðin tímabil með góðum fyrirvara. Eins og aðrir leikskólar fær Hagaborg einungis fjármagn í 11 mánuði, en Ólafur segir eitthvert aukafjármagn fylgja með börnunum sem koma yfir sumartímann, aðallega vegna þess að foreldrar þurfa að borga meira en á öðrum tímum ársins. Hann telur að það séu um 13-15 börn sem komi til þeirra yfir sumartímann á ári, eða 3-5 börn á hverja deild, og telur að þessi fjöldi hafi haldist nokkuð stöðugur í gegnum árin.

Að sögn Ólafs taka leikskólastjórar Hagaborgar ákvörðun að eigin frumkvæði um að halda leikskólanum opnum allt árið og að það hafi ávallt verið venjan. Leikskólinn er eftirsóttur af foreldrum vegna þessa fyrirkomulags og eru foreldrar almennt ánægðir með fyrirkomulagið. Það er ekki auglýst sérstaklega að Hagaborg sé opin allt árið, en það spyrst út meðal foreldra. Hann segir einnig að starfsfólk sé mjög ánægt með það að hafa meira val um hvenær það tekur sitt frí, og að sumarið sé skemmtilegur tími í

leikskólanum, það myndist skemmtileg stemmning þegar sumarstarfsfólk kemur til starfa.

Umræða

Það var ljóst frá byrjun að erfitt yrði að svara spurningunni um hvort leikskólalokanir hefðu áhrif á atvinnuþátttöku þar sem notendur leikskólaþjónustu er svo fjölbreyttur hópur fólks og atvinnuþátttaka er svo víðfeðmt hugtak. Eins og kom hér fram eiga Íslendingar met í atvinnuþátttöku meðal OECD-landa, og þá sérstaklega íslenskar konur. En lengi má gott bæta. Atvinnuþátttaka kvenna er almennt minni en atvinnuþátttaka karla, og líklegast tengist það vinnuskyldum kvenna gagnvart heimili og börnum.

Niðurstöðurnar styðja tilgátur rannsóknarinnar. Í ljós kom að sumarlokanir hafa ólík áhrif á konur og karla, þar sem ábyrgð á umönnun barna lendir oftast á konum. Konur töldu sig líklegri til að annast börnin á meðan leikskólar loka og líklegri til að taka viðbótarfrí frá vinnu. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að bæði námsmenn og einstæðir foreldrar áttu í meiri erfiðleikum vegna sumarlokana leikskóla. Menntun þátttakenda skýrir einnig að hluta ólík viðhorf til sumarlokana leikskóla. Meðal foreldra með mikla menntun voru flestir hlynntir lokunum og töldu slíkar lokanir hafa lítil áhrif á sig. Þessi hópur var líklegri til að geta tekið sumarfrí á sama tíma og leikskóli barna þeirra lokar og líklegri til að geta annast barn/börn sín með maka sínum eða öðru foreldri. Munur milli menntunarstigs var meiri meðal kvenna heldur en karla. Vandí tengdur leikskólalokunum kristallast svo í hópi fjárhagsaðstoðarleitenda sem í aðalatriðum hefur sömu einkenni og þeir hópar sem reyndust eiga í mestum erfiðleikum, út frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Fjárhagsaðstoðarhópurinn samanstóð aðallega af einstæðum mæðrum í námi og höfðu þær gjarnan minni menntun en háskólagráðu. Niðurstöður benda því til þess að ákveðinn hópur í þjóðfélaginu sé líklegri til að lenda í erfiðleikum vegna leikskólalokana.

Þar sem leikskólaþjónusta er ein af grunnþjónustum samfélagsins, sem tryggir konum jöfn tækifæri til atvinnuþátttöku, er hætt á því að leikskólalokanir gangi gegn yfirlýstu markmiði jafnréttis laga nr. 10/2008 þótt hugsanlega sé ekki um eiginlegt brot á lögunum að ræða.

Tillögur rannsakena að aðgerðum

Eftir að hafa vegið og metið athugasemdir foreldra og umsagnir annarra aðila sem tengdust rannsókninni má draga fram fjórar mögulega aðgerðir. Þær eru eftirfarandi:

Halda fyrirkomulagi óbreyttu

Leikskólalokanir valda ákveðnum hluta foreldra stressi, álagi og vandræðum, sérstaklega námsmönnum, einstæðum foreldrum, foreldrum með minni menntun, foreldrum í vaktavinnu og foreldrum sem starfa við ferðamannaiðnað eða í tímabundnu starfi. Flestir ná hinsvegar að bjarga sér og atvinnuþátttaka er enn mest á Íslandi af OECD-löndunum. Núverandi fyrirkomulag hentar leikskólastjórum, hluta af leikskólakennurum, leiðbeinendum, og ákveðnum hópi foreldra sem geta án erfiðleika tekið frí í júlí ár hvert.

Bæta við daggæsluúrræðum yfir sumartímann

Halda leikskólalokunum óbreyttum en bjóða upp á gæsluvelli eða sambærileg daggæsluúrræði (útileikskóla, leikjanámskeið fyrir börn á leikskólaaldri), yfir það tímabil sem leikskólarnir loka. Kynna þarf slík úrræði fyrir foreldrum sem eru með börn á leikskóla.

Flestir foreldrar telja ólíklegt að þeir sendi börn sín á aðra leikskóla sem eru opnir yfir allt sumarið, þeim finnst það skapa of mikið rót og telja það of mikið álag fyrir barn sitt að aðlagja það nýjum leikskóla fyrir mánaðartímabil eða skemur. Þá vaknar sú spurning hvort gæsluvellir séu það frábregðir leikskólum að ekki þurfi að aðlagja börnin þar á sama hátt og á leikskóla.

Stytta lokunartímabilið í tvær vikur

Loka í tvær vikur og bjóða foreldrum upp á að velja tvær vikur fyrir eða eftir lokunartíma henti sér og barninu best. Foreldrar fá þá örlítið meira svigrúm til að hagræða sumarleyfi frá vinnu við sumarleyfi barna sinna, og starfsmenn leikskóla fá einnig meira val um sitt sumarleyfi.

Vikurnar fyrir og eftir lokun verða þá eflaust ákveðið púsl fyrir stjórnendur leikskóla, þar sem börnin taka 4 vikna leyfi og starfsmenn eiga rétt á allt að 6 vikna leyfi.

Hafa leikskólana opna yfir allt sumarið með ákveðnum skilyrðum

Bjóða foreldrum upp á tvær til þrjár fjögurra vikna lotur yfir sumarið þar sem hægt er að velja um það hvenær börn þeirra fara í sumarfrí. Setja tímamörk um það hvenær foreldrar þurfa að velja og tilkynna um hvaða lota verður fyrir valinu. Hagræða sumarfrí starfsfólks leikskólanna eftir fjölda barna í hverri lotu.

Sumaropnun leikskóla getur reynst leikskólastjórum mikið þúsl og skapað erfiðleika. Sérstaklega ef foreldrar tilkynna um dagsetningar sumarleyfis með litlum fyrirvara. Þá er hætt á að ósamræmi skapist milli fjölda barna og umönnunaraðila yfir sumarið (of mörg börn og of fáir starfsmenn eða fá börn og of margir starfsmenn).

Heimildir

Adams, Carolyn Teich og Kathryn Teich Winston (1980). *Mothers at work*. New York: Longman Inc.

Ása Baldursdóttir (2008). Frí barna reynast stúdentum erfið. *Morgunblaðið*, 12. júlí 2008. Sótt 23. júní 2014 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1228621/>

Bergur Felixson. (2007). *Leikskóli fyrir alla. Úr sögu leikskóla Reykjavíkurborgar 1975–2005*. Reykjavík: Leikskólasvið Reykjavíkurborgar.

Gallup (2004). *Afstaða foreldra til sumarlokana- viðhorfsrannsókn*. September 2004. Reykjavík: Gallup.

Hagstofa Íslands (2014a). *Atvinnubátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi – árstölur 1991-2013*. Sótt 24. júní 2014 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur/Vinumarkadur>

Hagstofa Íslands (2014b). *Börn í leikskólum eftir kyni, aldri og landsvæðum 1998-2012*. Sótt 25. júlí 2014 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Skolamal/Leikskolar>

Hagstofa Íslands (2014c). *Dagvistarheimili og börn í dagvist*. Tafla 16.11. Óútgefið efni. Afrit sent í tölvupósti 30 júlí 2014. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands (2014d). *Vinumarkaður*. Sótt 2. ágúst 2014 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur/Vinumarkadur>

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar (2006). *Fundur Leikskólaráðs númer 7*. 6. desember 2006. Sótt 26. maí 2014 af <http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-725?ga=1.50647597.521190495.1402476449>

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar (2009). *Fundur Leikskólaráðs númer 50*. 28. janúar 2009. Sótt 26. maí 2014 af <http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-725?ga=1.50647597.521190495.1402476449>

OECD (2012). *Education at a Glance 2012: OECD Indicators*. Sótt 25. júlí 2014 af <http://dx.doi.org/10.1787/eag-2012-en>.

Reykjavíkurborg (2014). *Reglur um fjárhagsaðstoð*. Sótt 29. júlí 2014 af: http://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/reglur_um_fjarhagsadstod_5_juni_2014.pdf

Reykjavíkurborg (2013a). *Reglur um leikskólaþjónustu*. Sótt 6. ágúst 2014 af: http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Reglurleikskolatjonusta1.mai2013_3.pdf

Reykjavíkurborg (2013b). *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 11 ágúst 2014 af: http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr_tindaskrifstofa/skjol/Loka_stefnan_endursko_u_-_tilb._fyrir_vef.pdf

- Reykjavíkurborg (2009). *Leikvellir ÍTR fyrir yngstu börnin eru ekki lengur starfræktir*. Sótt 29. júlí 2014 af http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3695/2284_read-15665/2284_page-55/
- SA (2005). Garðabær sker sig úr. *Samtök Atvinnulífsins*, 3. mars 2005. Sótt 21. júní 2014 af: <http://www.vinnumarkadur.outcome.is/frettir/almennar/nr/3216/>
- Sigtryggur Sigtryggsson (2009). Þurfa að laga sig að sumarlokun leikskóla. *Morgunblaðið*, 11. mars 2009. Sótt 6. ágúst 2014 af <http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/03/11/thurfa-ad-laga-sig-ad-sumarlokun-leikskola/>
- Smith, William G. (2008). *Does Gender Influence Online Survey Participation?: A Record linkage Analysis of University Faculty Online Survey Response Behavior*. The Education Resources Information Center (ERIC). Sótt 10. júlí 2014 af <http://eric.ed.gov/?id=ED501717>
- Svanbjörg H. Einarsdóttir (2010). Velta sveitafélögin vandanum yfir á atvinnulífið? *Morgunblaðið* 20. mars 2010. Sótt 18. júlí 2014 af http://www.mbl.is/mm/mogginn/blad_dagsins/bl_grein.html?grein_id=1326716
- U.S. Department of labor, bureau of labor statistics (1977). U.S. working women: A databook. Bulletin 1977 (í gegnum Adams, Carolyn Teich og Kathryn Teich Winston (1980). *Mothers at work*. New York: Longman Inc).
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar (2012). *Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Vinnumálastofnun (2014a). *Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar: Mánaðarleg samantekt eftir svæðum*. Sótt 30. júlí 2014 af <http://www.vinnumalastofnun.is/files/M%C3%A1na%C3%B0arleg%20samantekt%20eftir%20sv%C3%A6%C3%B0uma.xlsx>
- Vinnumálastofnun (2014b). *Hlutfallslegt atvinnuleysi: Áætlað atvinnuleysi eftir sveitarfélögum*. Sótt 31. júlí 2014 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/Atvinnuleysi%20og%20mannafli%20sveitar%C3%A9l%C3%B6g-vefur_1687472869.xlsx
- VR (2002). Ákvörðun um sumarlokanir leikskóla mótmælt. *Verzlunarmannafélag Reykjavíkur*, 6. desember 2002. Sótt 5. ágúst 2014 af: <http://www.vr.is/umvr/stjorn-vr/alyktanirstjornar/lesa-alyktanir/2002/12/06/Akvordun-um-sumarlokanir-leikskola-motmaelt/?hidedate=false>
- The World Bank (1994). *Enhancing women's participation in economic development*. International bank for reconstruction: The World bank. Washington DC: The World Bank.
- Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson (2010). *Verkaskipting kynjanna fyrir og eftir bankahrun: Karlar verja meiri tíma í heimilisstörf en þeir gerðu árið 2005*. Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands, fréttabréf 10. Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.

Viðauki

Spurningalisti fyrir rannsókn á sumarlokunum leikskóla 2014



Vinsamlegast hakið eða krossið við þá valkosti sem eiga best við

1. Hversu mörg börn á þínu heimili sækja leikskóla? (Í að minnsta kosti 20 tíma í viku)
- ☐ 1
 - ☐ 2
 - ☐ 3
 - ☐ 4 eða fleiri
2. Lokar leikskóli barns þín/barna þinna í einhvern tíma yfir sumarið?
- ☐ Já
 - ☐ Nei (Ath. svarið næst spurningu 6)
 - ☐ veit ekki
3. Hvað lokar leikskólinn (leikskólarnir) samtals í langan tíma í sumar?
- ☐ minna en 3 vikur
 - ☐ 3 vikur
 - ☐ 4 vikur
 - ☐ 5 vikur
 - ☐ 6 vikur eða lengur
 - ☐ veit ekki
4. Hver mun aðallega sjá um daggæslu barns þín/barna þinna á meðan leikskólalokun stendur?
- ☐ Ég
 - ☐ Maki eða annað foreldri
 - ☐ Ég og maki eða annað foreldri **saman**
 - ☐ Annar meðlimur fjölskyldunnar
 - ☐ Utanaðkomandi aðili
 - ☐ Veit ekki
5. Ert þú í launuðu starfi?
- ☐ Já (Ath. svarið næst spurningu 7, sleppið spurningu 8)
 - ☐ nei (Ath. svarið næst spurningu 8)
6. Ef já: Hvað af eftirfarandi lýsir best stöðu þinni?
- ☐ Fullt starf
 - ☐ Hlutastarf
 - ☐ Sumarstarf
 - ☐ Tímabundið fullt starf yfir vetratímann
 - ☐ Annað
7. Ef nei: Hvað af eftirfarandi lýsir best stöðu þinni?
- ☐ Heimavinnandi
 - ☐ Á eftirlaunum
 - ☐ Langvarandi veik(ur) eða öryrki
 - ☐ Veikindaorlof
 - ☐ Atvinnulaus í leit að vinnu
 - ☐ Atvinnulaus ekki í leit að vinnu
 - ☐ Fæðingarorlof
 - ☐ Í sumarnámi (athugið þeir sem eru í námi að vetri til merkja við næstu spurningu)

☐ Annað _____

8. Ert þú í námi?

- ☐ Já, ég er í fullu námi
- ☐ Já, ég er í hlutanámi
- ☐ Nei, ég er ekki í námi

9. Hver er hæsta prófgráða þín?

- ☐ Minna en grunnskólapróf
- ☐ Grunnskólapróf
- ☐ Framhaldsskólamenntun (en þó ekki stúdentspróf)
- ☐ Iðnpróf/tæknipróf
- ☐ Stúdentspróf
- ☐ Háskólagráða (BA, BS)
- ☐ Meistarapróf eða doktorspróf

10. Átt þú maka eða ert þú í föstu sambandi?

- ☐ Já, ég á maka eða er í föstu sambandi og við búum saman
- ☐ Já, ég á maka eða er í föstu sambandi en við búum ekki saman
- ☐ Nei, ég á hvorki maka né er í föstu sambandi (Ath. svarið næst spurningu 18, sleppið spurningum 12, 13, 14, 15, 16 og 17)

11. Ef að sumarleyfi frá vinnu nær ekki yfir sumarleyfi barns þín (sumarlokun leikskóla), hvor er líklegri til að taka sér viðbótar frí frá vinnu, þú eða maki þinn?

- ☐ Ég
- ☐ Maki eða annað foreldri
- ☐ Bæði jafn líkleg
- ☐ Á ekki við

12. Er maki þinn í launuðu starfi?

- ☐ Já (Ath. svarið næst spurningu 14, sleppið 15)
- ☐ Nei (Ath. svarið næst spurningu 15)

13. Ef já: Hvað af eftirfarandi lýsir best stöðu maka þíns?

- ☐ Fullt starf
- ☐ Hlutastarf
- ☐ Sumarstarf
- ☐ Tímabundið fullt starf yfir vetratímann
- ☐ Annað

14. Ef nei: Hvað af eftirfarandi lýsir best stöðu maka þíns?

- ☐ Heimavinnandi
- ☐ Á eftirlaunum
- ☐ Langvarandi veik(ur) eða öryrki
- ☐ Veikindaorlof
- ☐ Atvinnulaus í leit að vinnu
- ☐ Atvinnulaus ekki í leit að vinnu
- ☐ Fæðingarorlof

- ☐ Í sumarnámi (athugið þeir sem eru í námi að vetri til merkja við næstu spurningu)
- ☐ Annað

15. Er maki þinn í námi?

- ☐ Já, er í fullu námi
- ☐ Já, er í hlutanámi
- ☐ Nei, er ekki í námi

16. Hver er hæsta prófgráða maka þíns?

- ☐ Minna en grunnskólapróf
- ☐ Grunnskólapróf
- ☐ Framhaldsskólamenntun (en þó ekki stúdentspróf)
- ☐ Iðnpróf/tæknipróf
- ☐ Stúdentspróf (diplóma)
- ☐ Háskólagráða (BA, BS)
- ☐ Meistarapróf eða doktorspróf

17. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma tímasetningu sumarleyfis þíns frá vinnu við sumarleyfi barns þíns/barna þinna (leikskólalokun í sumar)? Ef við á.

- ☐ Mjög auðvelt
- ☐ Frekar auðvelt
- ☐ Hvorki auðvelt né erfitt
- ☐ Frekar erfitt
- ☐ Mjög erfitt
- ☐ Á ekki við

18. Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir fjölskyldumeðlimi (þ.e. foreldra og börn) í þinni fjölskyldu að taka sumarfrí á sama tíma?

- ☐ Mjög auðvelt
- ☐ Frekar auðvelt
- ☐ Hvorki auðvelt né erfitt
- ☐ Frekar erfitt
- ☐ Mjög erfitt
- ☐ Á ekki við

19. Sá valkostur hefur verið fyrir hendi að færa börn tímabundið á annan leikskóla sem er opinn allt árið, á meðan sumarloknir standa yfir. Þekkir þú þann valkost?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- ☐ Á ekki við

20. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir notfæra þér þann valkost ef að til þess myndi koma?

- ☐ Mjög líklegt
- ☐ Frekar líklegt
- ☐ Hvorki líklegt né ólíklegt
- ☐ Frekar ólíklegt
- ☐ Mjög ólíklegt
- ☐ Á ekki við

21. Ég/við búum í:

- ☐ Vesturbæ
- ☐ Miðbæ
- ☐ Hlíðum
- ☐ Laugardal
- ☐ Háaleiti og bústöðum
- ☐ Grafavogi
- ☐ Grafarholti og Úlfársdal
- ☐ Árbæ
- ☐ Breiðholti
- ☐ Kjalarnesi
- ☐ Utan Reykjavíkur

22. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt?

- ☐ Kona
- ☐ Karl
- ☐ Á annan eða óskilgreindan hátt

23. Hvert er þjóðerni þitt?

- ☐ Íslensk(ur)
- ☐ Pólsk(ur)
- ☐ Skandinavísk(ur)- Norsk(ur), Dönsk/Danskur, Sænsk(ur), Finnisk(ur)
- ☐ Litháensk(ur)
- ☐ Annað

24. Að lokum, er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi sumarlokanir í leikskólum?

*Við viljum þakka þér kærlega fyrir þátttökuna og óskum þér og þínum
gleðilegs sumars!*